

allt

RÓSA GUÐNÝ ÞÓRSÓTTIR:

Tínir skelfiskinn sjálf

matur • tilboð • langur laugardagur
í MIDJU BLADSINS ▶



birta

PÁLL ÓSKAR:

Lærir af reynslunni

• dans • leikhús • tiska
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG ▶



NÝR KONUNGLEGUR!

ÍSKALDUR
FAXE
ROYAL

LÉTTUR ÖLLARI

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. september 2005 - 263. tölublað - 5. árgangur


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FÖSTUDAGUR

Hvað vill unga kynslóðin hafa í Vatnsmyrinni


Miklar vangaveltur eru um framtíð flugvallarins í Vatnsmyrinni. Þorri ungu kynslóðarinnar vill flugvöllinn burt og horfir hýru auga til svæðisins.



FÓLK 44

Eltir Þórhall í Efstaleitið

Sjónvarpskonan Jóhanna Vilhjálmsdóttir eltir sinn fyrrverandi samstarfsmann, Þórhall Gunnarsson, í Sjónvarpið og mun hún verða einn af umsjónarmönnum Torgsins.



FÓLK 50

Húmor ekki afsal alvöru

Pegar Davíð Oddsson hætti afskiptum af stjórnmálum 27. september, voru mikil tímamót. Hann hafði háð marga orrustuna og jafnan fengið sigur.



Í DAG 24

Eiður Smári er handarbrotinn

Eiður Smári Guðjohnsen, fyrirlíði íslenska landsliðsins í knattspyrnu, handarbrotnaði á æfingu með Chelsea fyrir skemmstu en þarf þó ekki að taka sér fri frá æfingum eða keppni.



ÍÞRÓTTIR 32

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA VÆTA nú í morgunsárið. Styttir smám saman upp sunnan og vestan til, annars rigning eða skúrir. Milt í dag en kólnar á ný í nótt.

VEÐUR 4

Milljarðar í aukinn kostnað

Vatnsagi og misgengi í jarðlögum hefur tafið borun ganga Kárahnjúkavirkjunar. Impregilo og Landsvirkjun semja um viðbótarkostnað vegna verksins. Upplýsingafultrúi virkjunarinnar segir að ekki sjái fyrir endann á kostnaði tengdum framkvæmdunum. Fyrir dyrum stendur að fylla neðanjarðarhelli af steypu.

VIKJANIR Samningaviðræður standa yfir milli ítalska verktaka-fyrirtækisins Impregilo og Landsvirkjunar vegna viðbótarkostnaðar við borun aðrennslisganga úr Hálslóni að stöðvarhúsi í Fljótsdal. Ekki fæst uppgefinn kostnaður en hann gæti hlaupið á milljörðum króna. Borun við Kárahnjúkavirkjun hefur tafist vegna vatnsaga í göngum og misgengis í jarðlögum.

Tilboð Impregilo í gerð jarðganganna hljóðaði upp á 24,5 milljarða króna og því ljóst að þó verk-ið færi ekki nema tíu prósent fram úr þeirri áætlun væri þar um að ræða tæpa 2,5 milljarða.

Sigurður Arnalds, upplýsingafultrúi Kárahnjúkavirkjunar, seg-

ir ljóst að menn sjái ekki fyrir endann á kostnaði tengdum jarðfræði staðarins, en bætir við að alvanalegt sé að viðbótarkröfur komi frá verktökum vegna aðstæðna. „Þetta gæti þess vegna kostað milljarð, eða milljarða,“ segir hann. Tölurnar munu þó ekki vera svo háar að þær geti haft áhrif á hagkvæmismisútreikninga virkunarinnar. „Upphafleg áætlun gerir ráð fyrir 8 til 10 milljörðum í ófyrirséðan kostnað og við ekki farnir að nota nema lítið af því.“ Sigurður segir álitamálmur vísað til sérstakrar óvilhallar úrskurðarnefndar deilumála, komist fyrirtækin ekki að samkomulagi.

Sigurður segir fyrirséða þriggja vikna seinkun til viðbótar



RISABOR VIÐ KÁRAHNJÚKAVIRKJUN Boranir sem notaðir eru við jarðgangagerðina eru engin smásmíði.

hjá borvél tvö sem sé að komast í gegnum síðasta slæma misgengið

sem tafið hefur. „En þá er hellir fyrir framan og af öryggisástæðum þóra menn ekki að láta hann fara í gegnum tómarúmið heldur vilja fylla það af steypu sem síðan verður borað í gegnum.“ Þetta er gert svo laust erjót falli ekki á vélar eða menn fyrir neðan. „Allt eru þetta hlutir sem eftir er að ræða við verktakann hvernig leystir verða fjárhagslega.“ Sigurður segir fyrirtækið hafa haldið þeirri stefnu að gefa ekki upp nema fyrstu upphæðir tilboða. „Það er til þess að verktakar séu ekki að velja því fyrir sér hvernig kröfugerð gangi hver hjá öðrum, en oft er mikið samningastapp í kringum þetta og sýnist sitt hverjum.“

- óká



SKORAR OG SKORAR Eyjamaðurinn Gunnar Heiðar Þorvaldsson heldur áfram að raða inn mörkum fyrir sænska liðið Halmstad og í gær var hann á skotskónum með liðinu í Evrópukeppninni. Hér sést Gunnar Heiðar skora gegn Sporting frá Portúgal.

Seðlabankinn hækkar vexti:

Verðbólgan vonbrigði

EFNAHAGSLÍF „Það eru nokkur vinbrigði að þrátt fyrir verulega hækkan stýrivaxta Seðlabankans allt frá því í maí á síðastliðnu ári eru verðbólguhorfur til næstu tveggja ára enn óviðunandi,“ sagði Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri í gær. Þetta benti til þess að þörf væri á að auka aðhald peningamálastefnunnar enn frekar. „Bankinn hefur því ákveðið að hækka stýrivexti sína um 0,75 prósent.“

Þetta er meiri hækkan en greiningerdeildir bankanna höfðu gert ráð fyrir. Frá og með 4. október verða stýrivextir Seðlabankans því 10,25 prósent og hafa hækkað um 4,95 prósent frá því í maí 2004.

Í dag er síðasti vinnudagur Birgis Ísleifs í Seðlabankanum. „Eg horfi bara glaður fram á það að hætta og snúa mér að einhverju öðru,“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið.

-bg / sjá síðu 30

Stuðningsmannaprófkjör Samfylkingarinnar verður haldið í febrúar:

Dagur útilokar ekki framboð

STJÓRNMÁL Á fundi fulltrúaráðs Samfylkingarinnar á miðvikudagskvöld var ákveðið að halda opið stuðningsmannaprófkjör vegna borgarstjórnarkosninga í Reykjavík helgina 11.-12. febrúar. Enn hefur ekki verið ákveðið hvort allir sem lýsa yfir stuðningi við Samfylkingu megi kjósa, eða hvort kosning verði opin öllum.

Einnig er prófkjörinu opið fram-bjóðendum, þar sem óflokksbundnir fulltrúar geta boðið sig fram, hafi þeir stuðning 30-50 fé-laga í flokknum. Því hefur verið haldið fram að sú regla sé hönnuð til að auðveldaða Degi B. Eggertssyni borgarfulltrúa að bjóða sig fram í prófkjörinu. Dagur segir slíkt ekki líklegt. „Ef ég væri að



AF FUNDI FULLTRÚARÁÐS Samfylkingin heldur opið stuðningsmannaprófkjör í febrúar.

hugleidda framboð, myndi ég bara ganga til liðs við flokk,“ segir Dagur. Hann útilokar ekki frekari þátttöku í pólitík, en segir ekkert hafa breyst nú. Steinunn Valdis Óskarsdóttir borgarstjóri, sem

býður sig fram í fyrsta sæti listans, segist ánægð með að prófkjörinu verði opið. Það sé einnig gott „með hagsmuni heildar og flokks að leiðarljósi“ að það fari ekki fram fyrr en eftir áramót. Þar með gefist svigrúm til að fá sem flesta að því.

Stefán Jón Hafstein, sem sækist einnig eftir fyrsta sætinu, segist mjög ánægður með að hafa prófkjörinu opið, það styrki bæði flokkinn og hans stöðu. Við dagsetninguna er hann hins vegar ósáttur. „Því fyrr sem við eyðum óvissubáttum, því betra. Eg reyndi ekki að vinna gegn tillög- unni en hefði frekar kosið að klára þetta í nóvember með Sjálfstæðis-flokknum.“

-ss, aa

ETIÐMENN

KEMUR Í DAG
Á DVD Í VERSLANIR

Heva

don't play this

Nýja platan er komin í verslanir Skífunnar

SKÍFUNNAR



SPURNING DAGSINS

Páll Óskar, verður einhver hryllingur í Idolinu í vetur?

„Ég lofa að Idolíð verður hnyllilega spennandi og keppendur verða látnir finna hvar ónafngreindi maðurinn keypti ólíó.“

Efirlitshvillingismyndir Páls Óskars hjálmýsónar verða sýndar á Reykjavík International Film Festival en Páll Óskar er dómari í Idol-stjómuleit.

Fimm hæstaréttardómarar dæma í Baugsmálinu:

Búist við dómi innan skamms

BAUGSMÁL Hæstiréttur hefur þegar hafið skoðun á því hvort frávísun héraðsdóms í Baugsmálinu svokallaða sé réttmæt. Forseti Hæstaréttar hefur ákveðið að fimm dómarar muni dæma í kærumálinu varðandi þá ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur að vísa frá öllum fjórutíu ákæru-liðum málsins.



MARKÚS SIGURBJÖRNSSON Hæstiréttur hefur hafið skoðun á Baugsmálinu. Dómarar eru: Markús Sigurbjörnsson, forseti Hæstaréttar, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediksdóttir.

forseti Hæstaréttar, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediksdóttir.

Að sögn Þorsteins A. Jónssonar, skrifstofustjóra Hæstaréttar, liggur ekkert fyrir um hvenær dómur Hæstaréttar fellur. Hann segir að Hæstiréttur hafi þrjár vikur til að fella dóm frá því gögn bárust, en það var síðastliðinn föstudag.

Hæstaréttarlögmenn sem Fréttablaðið ræddi við búast ekki við því að Hæstiréttur fullnýti sér þann tíma, heldur felli dóm innan skamms.

- sda

Kanadíski herinn:

Haldið á horriminni

KANADA, AP Kanadíski herinn er „veiklaður“ og allt of litlu fjármagnir er varið til varna landsins. Þetta er niðurstaða skýrslu sem unnin var á vegum öldungadeildar kanadíska þingsins og birt var í gær.

Í skýrslunni segir að hernum sé haldið á horriminni og það komi mjög niður á hæfni hans til að bregðast við hrygjuverkaárás eða öðrum áföllum. Lagt er til að útgjöld til varnarmála verði minnst 25 milljónir kanadadollara á ári, andvirði tæplega 1350 milljóna króna, en til þeirra er nú varið 14,3 milljónum dollara. Einnig er lagt til að fjölgað verði í fastahernum úr 62.000 í 90.000 menn. ■



VÍKINGASVEITIN Frá æfingu sérveitarinnar.

Æfingar Víkingasveitar:

Vöktu Þorlákshöfn

VÍKINGASVEITIN „Þetta var sérveit ríkislögreglustjóra sem í daglegu tali er kölluð víkingasveitin,“ segir Jón F. Bjartmarz, yfirmaður sérveitarinnar. Kvartanir hafa borist dómsmálaráðuneyti og ríkislögreglustjóra frá íbúum í Þorlákshöfn um hávaðamengun frá æfingum víkingasveitarinnar aðfaranótt þriðjudags.

Jón segir þessar æfingar hafa farið fram árlega frá 1983. „Við þurfum að endurskoða stað- eða tímasetningu æfinganna,“ segir hann. Jón segir sprengiefni hafa verið notað. - saj

Líknardráp:

Hollensku lögin rýmkuð

HOLLAND, AP Hollenska ríkisstjórnin ætlar sér að auka við lög um líknardráp þar í landi og setja viðmiðunareglur um hvenær læknar megi binda endi á líf dauðvona nýbura, séu foreldrar samþykkir því.

Búist er við því að þingið ræði þetta mál um miðjan október, en ekki er krafist lagabreytinga til þess að reglurnar taki gildi, að sögn talskonu hollenska heilbrigðisráðuneytisins, Annette Dijkstra.

Líklegt þykir að Páfagarður muni fordæma reglurnar. ■

Guðni ræður ekki nýjan umboðsmann

Jónas R. Jónsson hefur sagt upp störfum sem umboðsmaður íslenska hestsins. Landbúnaðarráðherra mun að líkindum ekki ráða nýjan umboðsmann. Í staðinn munu stofnanir fá fé til að vinna að markaðsmálum hestsins.

LANDBÚNAÐUR „Mér finnst líklegra að heim fjárumum sem ætlaðir eru til umboðsmanns íslenska hestsins verði varið til einhvern stofnunar sem er að vinna að markaðsmálum íslenska hestsins og að það verkefni verði til þar inni. Samið verði um að vinna það með sendiráðum, útflytjendum og öðrum sem að útflytningum koma.“

Þetta segir Guðni Agústsson landbúnaðarráðherra um skipan mála eftir að Jónas R. Jónsson, umboðsmaður íslenska hestsins, hefur sagt upp störfum. Jónas sagði upp á þriðjudaginn en ætlað er að vinna út uppsagnarfrestinn fram að áramótum.

Guðni segist telja, að Jónas hafi unnið að mörgum góðum verkefnum, ekki síst varðandi atvinnuleyfi tanningamanna í Bandaríkjunum sem sé mikill áfangi fyrir íslenska hestamenn. Þá megi nefna lausn hinnar miklu deilu um skattamál við Þjóðverja sem umboðsmaður



JÓNAS R. JÓNSSON Kveðst ánægður með það sem hann hefur fengið áorkað sem umboðsmaður íslenska hestsins. Hann kveðst skilja við starfið sáttur við guð og menn.

hafi komið verulega að. „Enn eru þrjú ár eftir af þessu verkefni,“ segir ráðherra. „Því verður haldið áfram en algeng ein getur komið til greina að Útflutningsráð eða einhver annar aðili geti tekið markaðspáttinn inn til sín.“

Verkefni umboðsmanns byggir á samkomulagi landbúnaðarráðherra, samgönguráðherra og utanríkisráðherra. Auk framangreindra ráðuneyta eru Flugleiðir og KB banki stuðningsaðilar verkefnisins. Í verkefnið eru ætlaðar 11-12 milljónir á ári.

„Það náðist ekki pólitísk samstaða stjórnvalda um að leggja verkefnið til það fé sem lagt var upp með,“ segir Jónas R. Jónsson,

spurður um ástæður þess að hann lætur nú af starfi sem umboðsmaður íslenska hestsins. „En fjármagnshörfin fer eftir því hvað menn vilja gera, hvaða árangri þeir vilja ná og á hvað löngum tíma. Ég skil við þetta starf sáttur við guð og menn.“

Íntur eftir því hvað hann ætti við þegar hann ræddi um skort á pólitískri samstöðu til að leggja fram þá fjármuni í verkefnið sem lagt hefði verið upp með svaraði landbúnaðarráðherra: „Ég átta mig ekki á því. Það var gerður skriflegur samningur og fjármunirnir nýttir sem slíkir til þessa verkefnis.“

jss@frettabladid.is



HARMUR Írösk móðir syngir son sem lét lífið í skothríð á smárútu í Bagdad í gær.

Sprengt í Irak:

Sextíu farast

IRAK, AP Þrjár sjálfsmorðsprengjumenn sprengdu nær samtímis bílsprengrar í bæ norður af Bagdad, þar sem flestir íbúar eru sjálmúslimar. Að minnsta kosti sextíu manns létu lífið og um 70 særðust, að því er sjúkrahúslæknir greindi frá. Fimm bandarískir hermenn féllu í sprengingu í bæ í vestrhluta landsins.

Að sögn vitna voru bílsprengrujútliræðin framin rétt fyrir sólstetur, um kl. 18.45 að staðartíma, en þeim var beint að banka, grænmetismarkaði og öðrum almenningi í miðbæ Balad, 80 km norður af höfuðborginni. ■

Starfsmannafélag Kópavogs:

Kjarasamningur felldur aftur

KJARAMÁL Félagsmenn í Starfsmannafélaga Kópavogs felldu í gær kjarasamning sem skrifað var undir þann 20. september.

53,2 prósent þeirra sem kusu höfnuðu samningnum, en alls kusu 51 prósent félagsmanna. Í félaginu eru 700 manns sem vinna á bæjar- skrifstofum, í leikskólum, sundlaugum, grunnskólum og fleiri vinnustöðum í bænum. Þetta er í annað sinn síðan í júl sem félagið fellir gerðan kjarasamning.

„Við munum hugsa málið um helgina, hvað verður næsta skref, aflla verkfallsheimildir eða skjóta málinu aftur til ríkissáttasemjara,“ segir Jöfriður Hanna Sigfúsdóttir, formaður félagsins. -aa

Erfiðleikar í rækjuvinnslu Íshafs á Húsavík.

Öllum starfsmönnum sagt upp

UPPSAGNIR Öllum 23 starfsmönnum rækjuvinnslu Íshafs á Húsavík verður sagt upp störfum frá og með 1. október næstkomandi og koma uppsagnirnar til framkvæmda um áramót.

Pétur Hafsteinn Pálsson, stjórnarformaður Íshafs, segir þrjú aðila hafa sýnt áhuga á að kaupa húsnæði og búnað fyrirtækisins en ákvörðun um sölu hafi enn ekki verið tekin. „Einn þessara aðila er í rækju- iðnaði og allir hafa þeir hug á að vera með starfsemi á Húsavík sem tengist sjávarútvegi,“ segir Pétur.

Öll vinnsla lagðist tímabundið niður hjá Íshafi á Húsavík um miðjan desember í fyrra en þá störfuðu um 40 manns hjá fyrirtækinu, á tveimur vöktum. Vinnsla hófst á ný 17. febrúar en Pétur segir að á þessu ári hafi einungis verið unnið á einni vakt og starfsfólk því færri.



RÆKJUVINNSLA ÍSHAFS Þrjú aðilar hafa sýnt áhuga á að kaupa húsnæði og búnað Íshafs á Húsavík.

Bergsteinn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Íshafs, segir rækju- iðnaðinn á Íslandi almennt í vörn. „Það sem einkum hefur verið að

valda okkur erfiðleikum er hátt gengi, minnkandi sala og lágt afurðaverð en það er enn á niðurleið,“ segir Bergsteinn. - kk

Alltaf einfalt

ódýrt bensín

14 stöðvar!

www.ob.is



GOTT FÓLK/MCCANN

EINFÖLD HUGMYND

Það kunna allir að meta einfaldar hugmyndir.
Þess vegna seljum við bílatryggingar á netinu.
sjovastrax.is - Einföld og ódýr leið til að kaupa bílatryggingar á netinu.

SJÓVÁ 

Svínakjötsútsala í Hagkaupum



GOTT RÁÐ

Alltaf ætti að elda svínakjöt við bæði háan og síðan lágan hita eða öfugt svo bæði náist stökk húð og meir vöðvi.

Svínabógur
í kjötborði

Sigurður Gíslason
aðstoðar yfirmatreiðslumaður á Vox
meðlimur í landsliði matreiðslumeistarar

TILBOÐ

389 kr/kg

Verð áður 498,-

allt að
40%
afsláttur

VERÐ NÚ VERÐ ÁÐUR

Svínahnakki úrbeinaður	899 ^{kr/kg}	1.499 ^{kr/kg}
Svínasnitset	899 ^{kr/kg}	1.599 ^{kr/kg}
Svínagúllas	899 ^{kr/kg}	1.599 ^{kr/kg}
Svínalundir	1.589 ^{kr/kg}	2.298 ^{kr/kg}
Svínaskankar í kjötborði	89 ^{kr/kg}	198 ^{kr/kg}



40%
afsláttur við
kassa

**Hamborgar-
hryggur** m/beini

TILBOÐ

881 kr/kg

Merkt verð 1.468,-



Svínakótilettur

TILBOÐ

899 kr/kg

Verð áður 1.398,-



Svínarífjasteik

TILBOÐ

499 kr/kg

Verð áður 798,-



Svínalæri í kjötborði

TILBOÐ

498 kr/kg

Verð áður 598,-



**WishBone
Caesar dressing**



Polarbrauð, eka sænskt brauð

TILBOÐ

299 kr/pk

Verð áður 349,-



Lúxus skaffis
- 3 tegundir

Nýtt
í Hagkaupum



Pepsi Max 2 ltr.

TILBOÐ

149 kr/stk

Verð áður 175,-

Gildir til 2. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Var rétt að gera parkóðin lyfseðilsskilyrt? Niðurstöður gærdagsins á vísir.is



BÍLANAUST RIFIÐ Þarna rísa átta hæða háir turnar.

Sátt um Bíla-naustsreitinn

SKIPULAGSMÁL Borgarráð samþykkti í gær breytingu á deiliskipulagi Bílanaustsreitsins. Vegna deilna við íbúa í nærliggjandi hverfum hefur orðið töf á samþykkt deiliskipulagsins. Nú hefur verið ákveðið, í samráði við íbúa, að um 230-270 íbúðir muni rísa á reitnum. Þar að auki verður þar að finna skrifstofuhúsnæði og matvöruverslun.

Ógna nú leikskólum

BREITLAND Öfgasinnadír dýraverndunarsinnar hafa sent forsvarsmönnum bresku leikskólakeðjunnar Leapfrog Day Nurseries bréf þar sem því er hótad að skeri keðjan ekki á tengsl við fyrirtæki Huntingdon Life Sciences (HLS), sem sér um ræktun nagdýra fyrir rannsóknarstofur, „yrði hún að taka afleiðingunum“.

Heilbrigðisráðherra og borgarstjórinn undirrita samkomulag: Nýtt 110 rýma hjúkrunarheimili

HEILBRIGÐISMÁL Nýtt 110 rýma hjúkrunarheimili mun rísa í Sogamáryri, austan Merkurinnar. Stefnt er að því að taka það í notkun á árinu 2007. Þetta er efni samkomulags sem Jón Kristjánsson heilbrigðismálaráðherra og Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri undirrituðu í gær.



HJÚKRUNARHEIMILI Í SOGAMÁRYRI Á teikningunni má sjá hvernig anddyrrið mun lita út. mýrinni, þar sem þegar er hafin bygging fjölda íbúða fyrir aldrara eflast til muna,“ sagði Stein-

unn Valdís Óskarsdóttir við sama tækifæri. Heimilið verður um 6.700 fermetrar að stærð. Kostnaður við byggingu þess verður um 1300 milljónir króna, af því mun heilbrigðis- og tryggingarráðuneyti greiða 70 prósent, en Reykjavíkurborg 30 prósent. Einungis einbýli verða á heimilinu, en gert er ráð fyrir að aðstaða verði fyrir hjón og sambúðarfólk. Samkvæmt samkomulaginu verður auglýst eftir rekstraraðila fyrir heimilið þegar endanlega hefur verið gengið frá samningum um byggingu þess.

Greiddi 226 þúsund fyrir fæðingarhjálp

Hjónum á Akureyri var gert að greiða tæpar 226 þúsund krónur fyrir fæðingarhjálp á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Konan er frá Filippseyjum og er enn utan almannatryggingakerfisins. Tryggingafélag neitar að greiða kostnaðinn.

TRYGGINGAMÁL Hjón á Akureyri urðu að greiða tæpar 226 þúsund krónur í fæðingarhjálp, þar sem tryggingafélag sem konan er sjúkratryggð hjá neitaði að greiða reikninginn. Konan, Gemma Alegre Ásgeirsson, er frá Filippseyjum og kemst ekki inn í almannatryggingakerfið fyrr en eftir sex mánuði frá komudegi. Því fékk hún sér sjúkrakostnaðartryggingu sem dugði skammt þegar til átti að taka.



FJÓLSKYLDAN Gemma og Magnús Ásgeirsson með litla barnið, sem nú er rétt rúmlega mánaðargamalt. Þau hrósa starfsfólki TM á Akureyri fyrir alúðlega framkomu, en eru ónægð með skilmála þá sem yfirboðarar tryggingafélagsins setja.

„Gemma kom svo til Íslands 13. júlí,“ segir Ásgeir, sem rekist hefur í málinu fyrir hönd sonar síns og tengdadóttur. „Þau hjónin eignuðust síðan barn sitt 26. ágúst. Gemma ól það á fæðingardeild Fjórðungssjúkrahúsins á Akureyri. Þann 20. september fékk hún reikning frá sjúkrahúsinu upp á 225.793 krónur. Ég fór með reikninginn fyrir þau til Tryggingamiðstöðvarinnar, þar sem mér var tjáð að þetta yrði ekki greitt því tryggingin næði ekki yfir kostnað sem hlýttist af meðgöngu, fæðingarhjálp eða sjúkdóma sem rekja mætti til meðgöngu eða fösturláts.“

grunnréttindum og sjúkrakostnaðartrygging er,“ segir Ásgeir. Hann bendir á að atvinnurekandi megi til dæmis ekki spyrja konu sem sækir um vinnu hjá honum hvort hún sé barnshafandi. Það flokkist undir einkamál og mismunur. Ásgeir hyggst því hefja baráttuna með því að fara með málið til jafnréttisráðs Akureyrar, svo og til Neytendasmattakanna, áður en lengra er haldið. jss@frettabladid.is

Ásgeir segir það vissulega rétt

DR. SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR Sigrún verður dagskrárstjóri Rásar 2.

Óvíst hvenær Sigrún byrjar

FJÖLMIÐLAR „Það er ekki búið að taka endanlega ákvörðun um hvenær nýr dagskrárstjóri kemur til starfa. Hún kemur að öllum líkindum til með að hefja störf annað hvort 1. nóvember eða 1. desember,“ segir Páll Magnússon, útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins. Dr. Sigrún Stefánsdóttir fjölmiðlafraeðingur tekur við starfinu. Sigrún sagði í fréttum fyrir um mánuði að hún mundi flytja til Íslands um leið og hús hennar í Danmörku seldist. Ekki tókst að ná í Sigrúnu í gær. - saj

Slapp með bílstuldinn

DÓMSMÁL Maður yfir þrítugu sem próflaus ók fullur utan í fjórar kyrrstæðar bifreiðar við Frakkastíg í Reykjavík á laugardagsmorgni í nóvemberbyrjun í fyrra var dæmdur til greiðslu 200.000 króna sektar í Héraðsdómi Reykjavíkur. Maðurinn var sýknaður af bílstudi, þrátt fyrir að hafa játað greiðlega fyrir lögreglu að hafa tekið bílinn í óleyfi án þess að þekkja til eigandans. Bileigandinn fékkst ekki til að gefa skýrslu fyrir dómi og vegna þess að hinn man lítið eftir upphafi ökuferðarinnar þótti dómum ekki óhætt að sakfella hann fyrir bílstuldinn. - óká

Leigubílasvæði sameinuð á höfuðborgarsvæði og Suðurnesjum:

Utanbæjargjald leggst af

SAMGÖNGUR Sameining takmörkunarsvæða leigubíla á höfuðborgarsvæðinu, Grindavík og Reykjanesbæ tekur gildi á morgun, samkvæmt auglýsingu samgönguráðuneytisins. Við þetta leggst utanbæjargjald af innan svæðisins, en á daginn var það rúmar 219 krónur á kílómetra. Venjulegt daggjald er tæpar 95 krónur.



LEIGUBÍLAR Í LÆKIARVÖTU Eftir sameiningu leigubílasvæða á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu ætti að kosta innan við 6.000 krónur að taka leigubíl á daginn milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.

„Breytingin felst í því að þessi svæði eru sameinuð í eitt takmörkunarsvæði,“ segir ráðuneytið, en leigubílstjórn er því frá morgundeginum heimilt að taka farþega innan þess alls. „Þetta leggst alveg hrikalega illa í okkur,“ segir Magnús Jóhannsson, framkvæmdastjóri Ökuleiða í Keflavík. Hann segir bílstjóra sem unnið hafi frá Leifsstöð verða af töluverðum tekjum. „Núna þurfa þeir fjóra túra til að ná sömu innkomu og þeir túrar skiluðu áður. Ég fæ

ekki séð að þeir nái endum saman með þessu rugli.“ Þá segist hann óttast að þjónusta við íbúa á Suðurnesjum skerðist, því vera kunní að bílstjórn haldi til Reykjavíkur í verkefnaleit. „Svo getur náttúr-

lega líka gerst að íbúi í Vogum eða Grindavík hringi í leigubílastöð í Reykjavík eftir bíl í innanbæjartúri upp á 500 krónur. Bílstjórn sem lendir í því fer aldrei þangað aftur.“ - óká

Advertisement for OB gas stations. Text: Alltaf einfalt. OB ódýrt bensín. 15 stöðvar! www.ob.is

KB Tekjuvernd tekur af þér fallið við launamissi

KB Tekjuvernd er hagkvæm vernd sem dregur úr launamissi sem kann að verða vegna sjúkdóma, örorku, andláts eða starfsloka.


Með KB Tekjuvernd er bilið brúað sem myndast milli núverandi ráðstöfunartekna þinna og greiðslna sem þú átt rétt á verðir þú fyrir launamissi af völdum sjúkdóma, örorku eða andláts. Þú færð yfirsýn yfir þá tryggingavernd sem þú nýtur í dag og vísbendingar um frekari tryggingaþörf. Þannig getur þú komið í veg fyrir að þú sért vantryggð/ur eða oftryggð/ur.

KB Tekjuvernd auðveldar þér einnig að ákvarða starfslok þín á einfaldan hátt.

Kannaðu málið!


Bókaðu fund hjá ráðgjafa á www.kbbanki.is,
í síma 444 7000 eða í næsta útibúi KB banka.
Við reiknum út KB Tekjuvernd miðað við
þínar aðstæður.

Dæmi um greiðslur maka- og barnalífeyris vegna andláts



Tryggðu fjölskyldu þinni áframhaldandi tekjur ef þú fellur frá. Skoðuðu hvernig KB Tekjuvernd getur aukið verndina sem þú hefur í dag og veldu þá leið sem hentar þér best.

Dæmi um greiðslur lífeyris vegna alvarlegrar örorku af völdum slysa eða sjúkdóma



Taktu saman yfirlit yfir þær greiðslur sem þér myndu berast vegna örorku og bættu við þeirri fjárhæð sem þú telur að myndi henta þér með KB Tekjuvernd.



Allar persónutryggingar í KB Tekjuvernd koma frá KB lífi
KB Líftryggingar hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík



Sláandi góður réttur



Það er slagkraftur í öllu sem Ragnhildur golfmeisteri, kennari og hestakona tekur sér fyrir hendur og því hentar Lamba-tortilla einkar vel á hennar heimili. Kraftmikil, frumleg og fljótleg máltíð úr afgöngum af lambakjötinu síðan í gær. Allir sem eitthvað hafa fylgst með golfi kannast við lukkuðurnar hennar Ragnhildar – sem eru að sjálfsgöðu með henni á myndinni.



Lamba-tortilla

Kartöflubátar

600 g mjóllitlar kartöflur
2 msk. ólífuolía
1/2 tsk. salt
ögn af pipar
1/2 tsk. af óregano

Hitið ofninn í 220 °C.
Óllu blandað vel saman í skál og sett í ofnskúffu. Bakað í u.þ.b. 20–30 mín. eða þar til kartöflurnar eru meyrar í gegn.

Lamba-tortilla

4 tortilla-kökur
400 g eldaðir lambakjötsafgangar, t.d. af læri
1 bolli Tsaziki-sósa (jógúrt-sósa með hvítlauk og agúrku)
1 rauðlaukur, skorinn í sneiðar
1 búnt klettasalat
1 avókadó, afhjútt og skorið í bita
1 msk. chilímauk, t.d. sambal olek

Ristið tortilla-kökurnar léttilega á þurri pönnu. Skerið lambakjötíð í þunnar sneiðar og raðið þeim jafnt á kökurnar. Smyrjið sósu yfir kjötíð, dreifið lauk, avókadó og klettasalati jafnt yfir og rullað upp. Skerið í tvennt og setjið á disk með kartöflubátum.



lambakjöt – léttur réttur

Uppáhalds íslensku þjóðarinnar
Fjöldi uppskrifta á www.lambakjot.is

Bæjarstjóri um flutning þjóðskrár:

Vill þjóðskrána til Ísafjarðar

STJÓRN MÁL „Þetta smellpassar við stefnu ríkisstjórnarinnar,“ segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði.

Halldór segir að þegar hann hafi lesið fréttir um fyrirhugaðan flutning á þjóðskránni frá Hagstofu til dómsmálaráðuneytis hafi hann strax haft samband við Þorstein Geirsson ráðuneytisstjóra til þess að minna á þá stefnu ríkisstjórnarinnar að flytja starfsemi til landsbyggðarinnar svo sem kostur er. „Hann sagði mér að vinna við málið væri ekki hafin, en þetta yrði einn þeirra kosta sem hafði yrðu til hljóðjónar í ferlinu,“

segir Halldór.

Halldór segir að ríkinu hafi marggöft verið bent á að það eigi stofnanir víðs vegar á landinu svo sem skattstofur og sýslumannsembætti þar sem fyrir sé hæft og gott starfsfólk og venjulega sé húsnæði einnig fyrir hendi. „Það þarf að skoða það alvarlega hvort ekki er hægt að fá þessa starfsemi flutta til Ísafjarðar,“ segir Halldór.

- saj

HALLDÓR HALLDÓRSSON BÆJARSTJÓRI Halldór hefur hug á því að fá þjóðskrána til Ísafjarðar.



FRÉTTABLAÐIÐ/ASTRAN KJALLSSON

Íshella norðurskauts í sögulegu lágmarki

Íshellan á norðurskautinu hefur aldrei mælt minni en í þessum mánuði og er hlýnandi loftslag talið skýringin. Óttast er að vítahringur sé í uppsiglingu sem erfitt geti reynst að komast út úr.

LOFTSLAG Vísindamenn óttast að hlýnun loftslags á norðurslóðum sé orðin hraðari en við verði ráðið. Nýjar mælingar á íshellunni á norðurskautinu sýna að hún hefur aldrei verið minni en í þessum mánuði.

Íshellan í Norður-Íshafi er jafnan minnst í septembermánuði eftir að sumarhlýindin hafa brætt ísinn en þegar veturinn færir yfir stækkar hún á ný. Mælingar frá 21. september síðastliðnum sem vísindamenn við US National Snow and Data Centre í Colorado, Bandaríkjunum gerðu, sýna að flatarmál ísins er 5,18 milljónir ferkilómetrar. Íshellan hefur aldrei mælt jafn lítil síðan mælingar hófust en þetta er fjórða árið í röð sem stærð íshellunnar dregst saman.

Á síðasta aldarfjórðungi hefur norðurskautsísinn bráðnað smátt og smátt og segja vísindamenn þá þröun beina afleiðingu af hlýnun jarðar. Það

sem veldur þeim sérstökum áhyggjum er að umfang bráðun- arinnar virðist aukast stöðugt. Bráðunin nú er tuttugu prósentum meiri en meðaltal síðustu 35 ára og lætur nærri að bráðunin þetta sumarið nemi 1,2 milljón ferkilómetrum, það er svæði á stærð við Texas.

Skýringin á því að ísinn bráðnar með sífellt meiri hraða er einföld. Skjannahvíta íshelluna má í raun í líta á sem risastórt endurskimsmerki sem endurvarpar sól- arhitunum aftur út í geiminn. Dökkur sjórinn drekkur hins vegar sólargeislana í sig svo hann hlýnar og andrúmsloftið þar með. Eftir því sem ísinn dregst meira saman eykst yfirborð sjávar og þar með hækkar hitinn hraðar. „Keðjuverkun í umhverfinu er þegar far-

in að eiga sér stað. Ef til vill verða breytingarnar á íshellunni mun örvari en okkur grunar og það skiptir máli því án Norðurskauts- ísins má búast við miklum breytingum á veðurfari jarðarinnar,“ segir Ted Scambos, formælandi rannsóknarinnar.

Lofthiti yfir Norður-Íshafinu hefur verið 2-3 gráðum hærrí í sumar en meðaltalshiti árána 1955-2004 og hafa siglingaleiðir norður fyrir Ameríku og Asíu að mestu leyti verið greiðfærar. Sú staðreynd er sjófarendum eflaust fagnadæfni en ekki er víst að dýrin séu jafn ánægð með þróun- ina. Til dæmis missa ísbirnir á þessum slóðum mikilvægan hluta heimkynna sinna því á veturna hafast þeir við á ísum.

svainng@frettabladid.is

NORÐURSKAUTSÍSINN Þessi gervihnatta- mynd sem NASA birti í vikunni sýnir íshelluna í Norður-Íshafi. Ísinn sem hefur bráðnað í sumar er á stærð við Texas.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðildarviðræður í uppnámi:

Tyrkir bíða samningsumboðs

TYRKLAND, AP Abdullah Gul, utanríkisráðgjafi Tyrklands, sagði í gær að samninganefnd Tyrklands í fyrirhuguðum aðildarviðræðum við Evrópusambandið yrði ekki send til að hefja viðræðurnar nema henni bærist fyrst skjalið sem geymir samningsumboð ESB.

„Enginn getur ætlast til þess af okkur að fara til Lúxemborgar áður en við fáum að sjá samningsumboðið,“ sagði Gul, en hann á að verða formaður samninganefndar Tyrkja. „Auðvitað er hugsanlegt að viðræðurnar hefjist ekki,“ sagði Gul en bætti við



ABDULLAH GUL Utanríkisráðgjafi Tyrklands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

að „allt yrði reynt“ til að jafna ágreining svo að unnt verði að standa við áformin um að hefja viðræðurnar á mánudag.

Utanríkisráðgjafi ESB munu á sunnudag halda bráðafund um málið eftir að fastafulltrúum ESB-ríkjanna 25 mistókst að ná samkomulagi um samningsumboðið í gær, en í því skal kvæðið á um samningsgrundvöll ESB í hverjum málaflökki fyrir sig.

Fulltrúar Austurríkis hafa staðið í vegi fyrir að skjalið sé afgreitt, en þeir vilja að Tyrkjum séu boðin nán tengsl við sambandið en ekki full aðild. -aa



Aukið frelsi

Tveir nýir, einstakir hávaxta-sparnaðarreikningar á Netinu:

➤ SPRON VAXTABÓT

Tvöföld vaxtabót – eftir upphæð og lengd innstæðu

SPRON Vaxtabót er óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber háa, stighækkandi vexti eftir upphæð – og auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir lengd sparnaðartímabils.

- Algjört frelsi
- Engin lágmarksinnborgun en verðlaunað fyrir hærri innstæðu
- Enginn binditími en verðlaunað fyrir lengra sparnaðartímabil
- Engin úttektargjöld á Netinu

➤ SPRON VIÐBÓT

Háir, verðtryggðir grunnvextir og vaxtaviðbót að binditíma loknum

SPRON Viðbót er verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu, bundinn í 36 mánuði, sem ber háa grunnvexti og auk þess stighækkandi vaxtaviðbót eftir lengd sparnaðartímabils að binditíma loknum.

- Aukið frelsi
- Vaxtaumbun tryggð á áframhaldandi innstæðu að binditíma loknum
- Engin lágmarksinnborgun
- Engin úttektargjöld á Netinu

Aðeins á Netinu – stofnaðu reikning á www.spron.is

 **spron**
– fyrir allt sem þú ert

Upplýsingar í síma 550 1400 eða á www.spron.is

Alsírþúar í lok þrettán ára langrar byltingar:

Kosið um friðarsamkomulag í Alsír

ALSÍR. AP Íbúðar Norður-Afríku-landsins Alsír kusu í gær um friðarsamkomulag, sem ríkisstjórnin trúir að muni hjálpa landinu við að rétta úr kútnum eftir 13 ára uppreisn heittrúaðra íslamstrúarmanna. Andstæðingar segja hins vegar að samkomulagið muni einungis hvítþvo glæpinna sem áttu sér stað á þessum árum. Um 120.000 manns létust í uppreisninni, sem hófst árið 1992.

Yfir 18 milljónir manna hafa kosningarétt í Alsír, en heildarfjöldi landsmanna er tæpar 33 milljónir. Þjóðin var einfaldlega spurð hvort hún samþykkti friðarsamkomulagið eða ekki.

Forseti Alsír, Abdelaziz Bouteflika, segir friðarsamkomulagið geta grætt þau sár sem uppreisnin olli, en það myndi til dæmis enda mál margra íslamstrúarmanna sem rekin eru fyrir rétti nú, meðal annars gegn þeim sem lögðu niður vopn og öðrum sem grunaðir eru um hryðjuverkastarfsemi.

Þessi hluti samkomulagsins nær ekki til þeirra sem grunaðir eru um fjöldamorð, nauðganir eða sprengjuárásir á almannaferi.

- smk

KOSNINGAR Í ALSÍR Alsírsk kona kemur úr kosningaklefa með atkvæði sitt í hendi.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP



MAFIUMORÐ Ítalskur carabinieri-lögreglu-maður lítur á lík Sergios Tellini í sendibíl á götu í Flórens í gær. Að sögn vitna var hann skotin mörgum skotum af mönnum sem komu aðvífandi á mótorhjól. Lögreglu grunar að skipulögð glæpastarfsemi liggja að baki morðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fleiri hótélherbergi:

Fjölgar um þriðjung

FERÐALÖG Frá árinu 1999 hefur hótélherbergjum í Reykjavík fjölgað um tæpan þriðjung og hefur fjölgen gistinátta haldist í hendur við þá þróun. Þetta kemur fram í nýju fréttabréfi Samtaka ferðabjónustunnar.

Þá er búist við áframhaldandi fjölgen næstu árin og segja samtökin að gistinóttum þurfi að fjölga um átta prósent á hverju ári eigi þær að haldast í hendur við fjölgen herbergja. Í það minnsta 850 hótélherbergi munu bætast við á næstu fjórum árum. - grs

Hæstiréttur Bandaríkjanna:

Skipun Roberts staðfest

BANDARÍKIN. AP Öldungadeild Bandaríkjaþings staðfesti í gær skipan Johns Roberts í embætti forseta Hæstaréttar Bandaríkjanna. Mikill meirihluti þingsins studdi Roberts, eða 77 af 100 þingmönnum.

Fyrir Roberts liggur að leiða réttinn í gegnum það sem margir telja að verði afar mikilvægur tími sem mun hafa áhrif á næstu kynslóðir Bandaríkjamanna og snerta á umdeildum málum svo sem aðstoð við sjálfsvíg, kosningafjáröflun og föstureyðingar.

Demókratar óttast að Roberts,



BEINT Í FORSETASTÓL John Roberts stígur út úr bil sínum í Washington í gær.

sem George W. Bush Bandaríkjaforseti tilnefndi í dóminn í sumar, verði afar íhaldssamur í skoðunum sínum sem forseti Hæstaréttar. ■

Slagurinn um þriðja sætið

Prófkjör Reykjavíkurfélags vinstri grænna verður á morgun. Úrslitin fyrir fyrstu tvö sæti listans eru sögð liggja fyrir, en slagurinn standi um þriðja sætið.

STJÓRN MÁL Tæplega sjö hundruð Reykjavíkingar geta tekið þátt í prófkjöri Reykjavíkurfélags vinstri grænna á morgun. Flokksmönnum í Reykjavík hefur fjölgað um tvö hundruð frá áramótum. Tíu eru í framboði, en allir heimildarmenn blaðsins innan flokksins sem Fréttablaðið ræddi við í gær voru sammála um að úrslitin í fyrstu tvö sætin væru nokkuð ljós. Svandís muni sigra prófkjörið og Árni Þór

Sigurðsson verði í öðru sæti. Slagurinn verði því um þriðja sætið, en samkvæmt nýlegum könnunum fengi flokkurinn tvo borgarfulltrúa.

Þau þrjú sem helst eru talin líkleg til að verða valin í þriðja sætið eru Grímur Atlason, Sóley Tómasdóttir og Þorleifur Gunnlaugsson. Einn heimildarmaður hafði á orði að Árni Þór hefði líklega ekki gefið eftir fyrsta sætið til að sitja í borgarstjórn til 2009. Þriðji maður á lista gæti því orðið borgarfulltrúi.

Önnur fimm í framboði eru Ásta Þorleifsdóttir og Magnús Bergsson, sem koma úr hinum græna armi flokksins; Ugly Egilsdóttir, fulltrúi ungra vinstri grænna, Guðný Hildur Magnúsdóttir og Þorvaldur Þorvaldsson sem bæði leggja áherslu á vinstri stefnuna.

Innan flokksins hefur nokkuð verið rætt um að fjölgun um tvö hundruð félaga vísi til þess að fólk sé að skrá sig til að taka þátt í prófkjöri og segja heimildarmenn að það setji þriðja sætið í nokkra óvissu. Grímur Atlason og Þorleifur Gunnlaugsson væru báðir vel þekktir innan flokksins, Grímur þó aðeins þekktari utan hans. Þorleifur er hins vegar varaformaður Reykjavíkurfélagsins og er vel liðinn af störfum sínum. Sóley Tómasdóttir er hins vegar nýr félagi vinstri grænna en hefur verið virk í Feministafélagi Íslands. Vilja því sumir flokksfélagar meina að margir nýir félagar í flokknum séu félagar Sóleyjar úr Feministafélaginu. Einn benti á að nýir félagar, sem skrá sig sérstaklega fyrir prófkjörið, séu líklegri til að kjósa en gamlir félagar sem gæti því komið niður á fylgi Þorleifs.

Prófkjörið verður í húsnæði VG að Sudurgötu 3 og verður hægt að kjósa frá klukkan níu um morguninn til níu að kvöldi.

svanborg@frettabladid.is



LEIÐTOGA AKADEMÍA STJÓRNENDASKÓLA HR

Fyrir alla stjórnendur sem vilja rækta með sér leiðtoga hæfileika, efla færni í ákvarðanatöku og leiða starfsfólk til framúrskarandi árangurs.

"Góður árangur er háður réttum ákvörðunum og er ein áhrifamesta aðgerð leiðtogans. Ákvarðanataka byggir ekki eingöngu á tækni, aðferðum og hugmyndum, heldur samblandi af skilningi, reynslu og yfirsýn."

Leiðbeinendur:

Lilja D. Halldórsdóttir
Þórhallur Gunnarsson
Guðrún Högnadóttir
Aðalsteinn Leifsson
Andri Haraldsson
Þröstur O. Sigurjónsson



Námslína

	Dags.	Tími
Ákvarðanataka til árangurs	6. okt.	kl. 9.00 - 15.00
Forysta til framfara	21. okt.	kl. 9.00 - 13.00
Líðsheildin - TMS (Team Man. Systems)	4. nóv.	kl. 9.00 - 13.00
Að laða fram það besta í öðrum	24. og 25. nóv.	kl. 9.00 - 13.00
Forysta og skilvirk samskipti	15. og 16. des.	kl. 9.00 - 13.00
Persónuleg færni	12. og 13. jan.	kl. 9.00 - 13.00

Skráning er hafin!

Hægt er að skrá sig í einstaka hluta námslínu á vef Stjórnendaskólans. Allar upplýsingar eru á www.stjornendaskoli.is

Nánari upplýsingar veitir:

Nanna Ósk Jónsdóttir
Verkefnastjóri
Sími: 599 6424
GSM: 825 6424

Ofanleiti 2, 3. hæð
103 Reykjavík
Sími: 599 6200
Fax: 599 6201
www.stjornendaskoli.is



STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Danskir hermenn:

Aðstoðuðu við frelsunina

DANMÖRK Danskir hermenn aðstoðuðu breska herinn í umdeildri árás á lögreglustöð í borginni Basra í Írak í síðustu viku þar sem tveir breskir hermenn voru frelsaðir. Þetta staðfestir Sören Gade, varnarmálaráðgjafi Danmerkur, við danska blaðið Information. Fjórir létust í átökum og 44 særðust.

Dönsku hermennirnir tóku ekki þátt í sjálfri frelsuninni heldur reistu þeir vegatálma í námunda við stöðina. Engu að síður hefur málið vakið deilur í Danmörku og hefur utanríkismálanefnd þingsins farið fram á við ráðherrann að hann geri frekari grein fyrir þætti hermanna. ■



BASRA Breskur hermaður í borginni Basra í Írak.

Mögnuð tilboð á
nýjum vörum
frá fimmtudegi til mánudags

NÚ LIKA Á
MÁNUÐÖGUM!

29. sept. - 3. okt.

Kauphlaup

í Smáralind

Á Kauphlaupi í Smáralind geturðu fengið ótrúleg tilboð
á nýjum vörum! Komdu og gerðu góð kaup!



Hafin er rannsókn á framferði lögreglunnar í New Orleans:

Ásakanir um þátttöku í gripdeildum

BANDARÍKIN, AP Talsmenn lögreglunnar í New Orleans greindu frá því í gær að hafin væri rannsókn á því hvað hæft væri í ásökunum um að á annan tug lögreglumanna hefðu sjálfir gerst sekir um þátttöku í gripdeildum í ringulreiðinni í kjölfar fellibylsins Katrínar.

„Af 1750 lögreglumönnum erum við að kanna hvort um það bil tólf hafi verið viðriðir slík brot,“ sagði Marlon Delfino, talsmaður lögreglunnar.

Fyrr í vikunni sagði lögreglustjórinn, Eddie Compass, af sér, en á honum hafði dunið

gagnrýni vegna slægrar frammiðstöðu lögreglunnar á meðan Katrín gekk yfir og í kjölfar hennar. Það hefur verið að um 250 lögreglumenn verði kærðir eða áminntir fyrir að hafa hlaupist undan skyldustörfum.

Fyrstu íbúar New Orleans sem fengu að snúa aftur heim streymdu til borgarinnar í gær, samkvæmt boði borgarstjórans Ray Nagin, en það voru allt fyrirtækjaeigendur í þeim hverfum borgarinnar þar sem ölu er nú talið óhætt.

-aa



SNÚA AFTUR Lögreglumenn skoða heimildarbréf fyrirtækjaeigenda sem í gær var leyft að snúa aftur til New Orleans.



BEITT UPP Í VINDINN Kappsiglingaskóturnar Desafío Espanol, tv., og Alinghi sigla seglum þöndum undan strönd Sikileyjar í gær, í forkeppni Amerikubikarsins 2007. Alinghi vann þennan legg.



IAN HUNTLEY Ef að líkum lætur verður Huntley einn tuttugu manna sem eyða munu því sem eftir lifir ævi þeirra í fangelsi.

Soham-morðinginn:

Situr inni í fjörtíu ár

BRETLANDI Hæstiréttur í Bretlandi úrskurðaði í gærmorgun að hugað verði að reynslulausn Ians Huntley, sem myrti Jessicu Chapman og Holly Wells í bænum Soham á Englandi sumarið 2002, í fyrsta lagi eftir fjörtíu ár.

Málið vakti á sínum tíma mikinn óhug á Bretlandi og víðar enda voru stúlkurnar aðeins tíu ára gamlar. Síðar kom í ljós að Huntley, sem starfaði við húsvörslu í skóla telpnanna, hafði áður sætt ásökunum fyrir að áreita ungar stúlkur.

Unnusta Huntleys, Maxine Carr, var einnig dæmd í fangelsi en hún var látin laus á síbasta ári. Hún fer nú heldu höfði. ■

Vonast til að ná uppskerunni

Korn féll á flestum ökrum á Norðurlandi og nokkuð á Vesturlandi í hretinu síðustu daga. Bændur stefna samt sem áður að því að reyna að þreskja það, þó það taki mun meiri tíma. Tíðarfarið hefur verið erfitt fyrir kornbændur í þessum landshlutum í sumar.

LANDBÚNAÐUR Kornakrar féllu víðast hvar á Norðurlandi um helgina og einnig í sumum héruðum á Vesturlandi. Verst urðu bændur úti í Skagafirði þar sem aðeins var búið að þreskja fjórðunginn af um 400 hekturum. Einnig urðu Eyfirðingar illa úti, en þar voru um 180 hektarar af 500 ekki komnir í hús. Alls var korni sáð í 3300 hektara á landinu í vor.

Bændur í þessum héruðum hyggjast þó reyna að ná inn uppskerunni. „Við látum nú ekki trufla okkur smáatriðin hérna í Skagafirði,“ segir Gunnar Sigurðsson á Stóru-Ökrum. „En það verður seinlegra að ná því.“

Ingar Björnsson, ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, segir að sökum ótíðar í vor hafi kornakrar sprottið seint í sumar og því hafi skurður ekki hafist fyrr en um síðustu mánadagmót. „Ef veður skánar á næstu dögum er hugsanlegt að bjarga megi hluta þess korns sem eftir er að skera á Eyjafjarðarsvæðinu en þó líklega aldrei meira en helmingnum. Ef ekki rættist úr tíðinni mun allt óskorið korn eyðleggjast,“ segir Ingar. Hann segir kornsprettuna hafa

verið mun minni í sumar en síðustu tvö ár. „Það má annars vegar rekja til þurrka og kulda í maí og hins vegar til mikillar úrkoma og sólarleysis í ágúst.“

Leita þarf aftur um 26 ár, eða til ársins 1979, til að finna viðlíka óttó norðanlands og í haust en þá var einnig mikil úrkoma í ágúst og langvarandi kuldi með snjókomu í september. „Við höfum verið með sunnlenskt veður síðan í ágústbyrjun, endalausar rigningar, og kunnum ekkert á það,“ segir Gunnar á Stóru-Ökrum. Úr því sem komið er vill hann helst að það fari að frjósa svo að þreskivælurnar geti farið um akurinn.

Bændur eru almennt ekki tryggðir fyrir skemmdum á uppskeru og bera því skaðann sjálfir.

Á Austurlandi er talið að kornakrar hafi víðast staðið veðrið af sér, en þar kvarta menn einnig undan vætutíðinni og hafa áhyggjur af því að ekki takist að ná allri uppskerunni. Kornskurði er hins vegar að mestu lokið á Suðurlandi, en það slapp að mestu við óveðrið síðustu daga.

grs@frettabladid.is
kk@frettabladid.is



SNJÓR Á EYFIRSKUM KORNAKRI Eyfirðingar og Skagstrendingar urðu illa úti í veðurhamnum.

DV

EINSTÆÐ MÓÐIR Á GÖTUNNI ÞRATT FYRIR AÐ STANDA Í SKILUM



þarf að búa í bíl ásamt tveimur dætrum sínum

þeirir þegar aðrir þegja!



Á FLÓTTA UNÐAN FÁTÆKT Lögreglumaður réttir afrikskum flóttamönnum vatn á lögreglustöð í spænska bænum Melilla á Miðjarðarhafsströnd Marokkó.

Gæsla eflid á landamærum Afríku og Evrópu:

Afríkumenn flykkjast til Spánar

SPÁNN, AP Spænsk stjórnvöld sendu í gær aukaherlið til spænsku hölmendanna á Miðjarðarhafsströnd Marokkó. Þetta var ákveðið í kjölfar þess að fimm Afríkumenn létust og um 50 aðrir særðust þegar hundruð ífarandverkamanna flykkust á þriðjudag að gaddavirgiringu á landamærunum sem skilja hölmendurnar frá Marokkó.

Fólkið var að flýja sára fátækt í Afríku og var að reyna að komast yfir til Evrópu, en þetta var eitt af mörgum hópaðhlaupum Afríkubúa að og yfir landamærin.

Herliðinu er ætlað að gæta þriggja metra hárra gaddavirgiringa sem aðskilja spænsku hölmendurnar Ceuta og Melilla frá Marokkó og koma í veg fyrir

af fleiri komist þessa leiðina inn í Spán. Að sögn yfirvalda gætu nokkur hundruð manna hafa komist í gegn, en um 1.000 Afríkubúar dvelja nú í flóttamannabúðum á landamærunum. Spánverjar ætla sér að hækka girðingarnar upp í sex metra og vonast til þess að því verki verði lokið snemma á næsta ári.

-smk

Árshátið haldin í Höfn:

Bakvakt hjá dómstólum

DÓMSMÁL Lágmarksstarfsemi er hjá dómstólum landsins vegna árshátiðar Dómstólaráðs sem haldin er í Kaupmannahöfn núna um helgina.

Bakvakt mun þó vera hjá héraðsdómstólunum öllum og einhver starfsemi, enda áttu ekki allir heimangengt á fagnaðinn. Því geta dómstólarnir nú sem endranær brugðist við mögulegum gæsluvarðshaldsbeiðnum og öðrum málum sem ekki þola bið.

Starfsmenn héraðsdómstólanna sem komust á árshátiðina héldu af landi brott í gær, en verða að sögn mættir aftur til starfa sinna á mánudaginn. - óka

Barnahús opnað í Svíþjóð í dag:

Starfsemi að íslenskri fyrirmynd

BARNAVERND Barnahús að íslenskri fyrirmynd verður opnað í Linköping í Svíþjóð í dag og markar opnunin nokkur þáttaskil í réttarstöðu barna í Svíþjóð. Húsið verður opnað með formlegri athöfn að viðstaddri Silvíu Svíadrottningu. Bragi Guðbrandsson, forstöðumaður Barnaverndarstofu, og Svavar Gestsson, sendiherra Íslands í Stokkhólmi, verða viðstaddir athöfnina. Bragi heldur ræðu við þetta tækifæri og mun svo taka þátt í blaðamannafundi.

Íslenska Barnahúsið hefur vakið mikla athygli erlendis, ekki síst á hinum Norðurlöndun-

um. Í Linköping hefur verið starfrækt miðstöð í rannsóknum og meðferð kynferðisbrota á börnum. Það er að hluta til fyrir frumkvæði Silvíu drottningar að Barnahúsið er nú orðið að veruleika.

Íslenska Barnahúsið sinnir málefnum barna sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Börn og forráðamenn þeirra geta með tilvísun barnaverndarnefnda fengið alla þjónustu í Barnahúsi sér að kostnaðarlausu. Greint er frá þessu í tilkynningu frá Barnaverndarstofu.



BRAGI GUBRANDSSON Bragi er forstöðumaður Barnaverndarstofu. Hann heldur erindi í Linköping í dag.

- saj



KJARVALSSTAÐIR Hópur listamanna vill að vestursalurinn verði opnaður á ný.

Áskorun listmálara:

Enginn salur fyrir myndlist

LISTIR Hópur myndlistarmanna sendi í gær frá sér áskorun til borgarstjórnar Reykjavíkur um að opna vestursal Kjarvalsstaða á ný fyrir umsóknum listamanna, en þeir segja stöðu sína mjög slæma síðan lokað var fyrir umsóknir þeirra að staðnum.

Alls skrifaði 41 myndlistarmaður undir áskorunina. Þeir segja í henni að það sé íslenskri myndlist nauðsynlegt að hafa aðgang að góðum sýningarsal hjá hún að vaxa og dafna. - grs

Seldu ósamþykktu íbúð:

Fasteignasala greiði bætur

DÓMSMÁL Fasteignasali hefur verið dæmdur til að greiða konu 1,3 milljónir króna vegna þess að ris-íbuð sem hún keypti í Reykjavík veturinn 2001 reyndist ósamþykkt þegar eignaskiptasamningur var gerður eftir kaupin.

Íbúðin var nýuppgerð og komust dómkvaddir matsmenn að því að verðmæti hennar hefði lækkað um ofangreinda upphæð, en kostað gæti 1,2 til rúmlega 1,8 milljónir króna að fá hana samþykktu.

Maðurinn sem seldi kvaðst grandalaus um að íbúðin væri ósamþykkt og var sýknaður af bótakröfu en fasteignasöluinni gert að greiða bætur og 420.000 krónur í málskostnað. - óka

Héraðsdómur:

Spörkuðu í höfuð manns

DÓMSMÁL Aðalmedferð í máli tveggja tæplega tvítugra manna fór fram í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrr í vikunni.

Mennirnir eru ákærðir fyrir að hafa veist að öðrum manni fyrir utan veitingahús á Norðurlandi eystra í janúar fyrir tæpum tveimur árum, og slegið og sparkað í höfuð hans. Þólandinn krefst tæpra 100.000 króna í bætur. Dómurinn verður kveðinn upp í næsta mánuði, og má búast við að hann verði vægari vegna þess hve langur tími hefur liðið síðan rannsókn lauk. ■



Manstu?



Í minningunni virðist lífið stundum hafa verið einfaldara í æsku. Skál af **Kellogg's Corn Flakes** markaði byrjunina að góðum degi hjá fjölmörgum íslenskum fjölskyldum og gerir enn.

Manstu hvað stökkar flögurnar voru góðar með ískaldri mjólk? Leyfðu börnunum þínum að njóta hollustunnar og bragðsins sem glæddi þína morgna í æsku og gerir eflaust enn.



Æðislega ga

brosum

Humarveisla

3.599

kr.pk

2kg af meðalstórum grillhumri

599

kr.pk.

Humar 500 gr



899

kr.kg.

Bautabúrs purusteik



999

kr.kg.

Bautabúrs rauðvínssvínakótilettur



399

kr.kg

PIRI PIRI kjúklingavængir

Nýung!



199

kr.pk.

Brómber



159

kr.pk.

Hindber



allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda frá 29. sept. til 2. okt. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogis

man í Nettó

úti lífið

Gott í
helgarmatinn



879

kr.kg

Borgarnes Londonlamb



1 kg.

99

Palermo vann samanlagt 6-1	
Domüale - Stuttgart	1-0
Stuttgart vann samanlagt 2-1	
Sporting-Halmstad	2-3
Wender (34.), sjálfsmark (102.) - Gunnar Heiðar Þorvaldsson (15.), Djuric (90.), Ingelsten (114).	
Halmstad vann á fleiri mörkum skoruum á útvelli.	
Steaua - Válerenga	3-1
Árni Gautur Arason var hvíldur eins og margir lykilmanna liðsins.	
Steaun vann samanlagt 6-1.	
Mainz - Sevilla	0-2
Kanoute 2 (9., 40.).	
Sevilla vann samanlagt 2-0.	
Galatasaray - Tromsø	1-1
Sukur (78.) - Bernier (32.).	
Tromsø vann samanlagt 2-1.	
CSKA Sofia - Bayer Leverkusen	1-0
CSKA Sofia vann 2-0 samanlagt	
Genk - Litex	0-1
Corea Sandrinho (56.).	
Litex vann samanlagt 3-2.	
Indriði Sigurðsson spilaði allan leikinn fyrir lið Genk sem er úr leik.	
Xanthi - Middlesbrough	0-0
Middlesbrough vann samanlagt 2-0.	
Loko Plodiv - Bolton	1-2
Iliev (51.) - Sjálfsmark (79.), Nolan (86.).	
Bolton vann samanlagt 4-2	
Austria - Viking	1-1
Rushfeldt (21.), Lasnik (47.) - Nygaard (12.).	
Viking vann samanlagt á fleiri mörkum skoruum á útvelli.	
Allan Borgvardt var ekki í hópnum hjá liði Viking þar sem að hann er ólaglegur.	
Everton - Dinamo Bukarest	1-0
Cahill (28.).	
Dinamo vann samanlagt 5-2.	
Lokomotiv Moskva - Brann	3-2
Loskov (63.), Asatiani (78.), Bilyatetdinov (90.) - Macallister (45.), Miller (75.).	
Lokomotiv vann samanlagt 5-3.	
Kristján Örn Sigurðsson lék allan með Brann.	
FC Zurich-Brøndby	2-1
Araujo Rafael 2 (15., 89.) - Elmander (46.). Brøndby vann samanlagt 3-2.	

Reykjavíkurmót karla í körfubolta lauk í gærkvöldi með 87-59 sigri KR á ÍR:

KR-ingar sannfærandi meistarar

KÖRFUBOLTI KR-ingar eru Reykjavíkurmeistarar í körfubolta eftir sannfærandi 28 stiga sigur á ÍR-ingum, 87-59, í DHL-höllinni í gær.

KR-ingar unnu alla fjóra leiki sína í mótnu með 28 stigum og meira þar af unnu þeir nágranna sína í Val með 80 stiga mun í fyrsta leik. KR-ingar höfðu 10 stiga forskot í hálfleik, 37-27, og gerðu út um leikinn í seinni hluta þriðja leikhlutans eftir að ÍR-liðið hafi náð að minnka muninn í fimm stig.

Pálmi Freyr Sigurgeirsson var stigahæstur í KR-liðinu með 21 stig en Ashley Champion skoraði 16 stig og tók auk þess 10 fráköst. Skarphéðinn Ingason átti þó tilkall í að vera maður leiksins en hann var með 9 stig, 8 fráköst og 9 stoðsendingar á

þeim 27 mínútum sem hann spilaði í leiknum. Þá voru þeir Ólafur Már Eðgisson og Gunnlaugur Hafsteinn Erlendsson með 9 stig hvor og fyrirlíðinn Steinar Kaldal skoraði átta stig.

Hjá ÍR skoraði Theo Dixon mest eða 21 stig og Ómar Sævarsson var með 12 stig, 13 fráköst og 5 varin skot. Ales Zivanovic, nýi útlendingurinn í liði ÍR, náði sér engan veginn á strík og skoraði aðeins 5 stig á 26 mínútum en 9 af 10 skotum hans utan af velli rötuðu ekki rétta leið. Eiríkur Óundarson og Ólafur Jónas Sigurðsson skoruu báðir 7 stig.

STERKUR Pálmi Freyr Sigurgeirsson skoraði 21 stig á 26 mínútum í gær og hitti úr 7 af 11 skotum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



KOMIN Í BIÓ!

SÉRHVER DRAUMUR Á SÉR UPPHAF

GOAL!

ENSÍU XFM

REYKJAVÍK - KEFLAVÍK - AKUREYRI



VEGGFÓÐUR. *tímarit*

Nýtt tímarit um hönnun

– *vertu með frá byrjun!*

VEGGFÓÐUR er tímarit þar sem falleg heimili, hönnun og matargerð spila stóra rollu. Blaðið er í samstarfi við samnefndan þátt á Sirkus með Völu Matt og verður blaðið kynnt sérstaklega í hverjum þætti. Ritstjórar tímaritsins eru Halla Bára Gestsdóttir og Gunnar Sverrisson. VEGGFÓÐUR kemur út 12 sinnum á ári og kostar aðeins kr. 699.

VEGGFÓÐUR. ER KOMIÐ ÚT

Síminn er 550 5000
askrif@veggfodur.is



Tilboð fyrir nýja áskrifendur

FÁÐU ÞÉR **12 MÁNAÐA ÁSKRIFT** NÚNA Á AÐEINS **KR. 5.872** OG FÁÐU FALLEGA GJÖF AD AUKI.

1

Petal Essence Face Accents þriggja lita andlisfarði frá Aveda og Aveda box sem hentar afar vel undir. Gott til þess að hafa í veskinu eða skápnum.



2

Aqualina Bodymousse sem er jógúrtlína fyrir allar viðkvæmstu húðgerðir. Sú besta til að næra húðina og gera hana mjúka. Jógúrtlínan kemur í 3 baðteigundum sem hægt er að velja á milli: kirsuberja, Ananas og villiberja.



3

Zirh taska með snyrtivörum fyrir karlmenn. Tilvalið í ferðalagið eða helgarferðina.





IWEY AÐ GERA ÞAÐ GOTT Job Ivey hefur byrjað vel með Njarðvíkingum og átti stóran þátt í að liðið vann alla sex leiki sína í Reykjanesmótinu.

Reykjanesmót karla í kórflu:

Eins jafnt og það gat verið

KÖRFUBOLTI Njarðvíkingar unnu Reykjanesmótið í kórflubolta á dögnum en liðið vann alla sex leiki sína í mótinu. Það gat þó varla munað minna í leikjum gegn Grindvíkingum en Njarðvík vann þá tvo leiki með samtals þremur stigum, þann fyrri á heimavelli með tveimur stigum í framleingum leik og þann seinni með einu stigi í Grindavík á miðvikudagskvöldi. Leikurinn í Grindavík var sögulegur því þetta var fyrsti opinberi leikurinn sem er spilaður á parketti í húsinu en gamla dökkum var skipt út í sumar.

Job Ivey, bandaríski bakvörðurinn í liði Njarðvíkur, spilaði stórt hlutverk í að landa þessum tveimur stigum. Hann tryggði framleinguna í fyrri leiknum og skoraði síðan kórflu og fékk viti að auki sem hann nýtti á lykilaugablíki í framleingunni. Ivey skoraði síðan sigurkórfluna í seinni leiknum fjórundum gegn Grindvíkingum fyrir leikslok og var samtals með 54 stig og 10 stoðsendingar í þessum tveimur leikjum.

Páll Axel Vilbergsson var atkvæðamestur Grindvíkinga í báðum leikjum, skoraði 26 stig í fyrri leiknum og 28 stig í þeim síðari, en Damon Bailey var með 23 stig að meðaltali í þessum tveimur leikjum.

Njarðvíkingar hafa lokið sínum leikjum í Reykjanesmótinu en Keflavík og Grindavík koma til með að bitast um annað sætið. Liðin mættast í kvöld klukkan 19.15 á nýja parkettinu í Grindavík. Keflavík vann fyrri leikinn með einu stigi í Keflavík á dögnum þar sem Arnar Freyr Jónsson tryggði sínum mönnum sigurinn í lokin en sigurvegari kvöldsins hreppir silfurverðlaunin á mótinu. -mh



PORA PEIR Latrell Sprewell gæti verið á leiðinni til LA Lakers. GETTYIMAGES

NBA deildin í kórflubolta:

Sprewell á leið til LA Lakers?

KÖRFUBOLTI Hinn margfaldi stjörnuliðsleikmaður, Latrell Sprewell, leikmaður Minnesota Timberwolves í NBA deildinni í kórflubolta er nú sterklega orðaður við Los Angeles Lakers. Undanfarin ár hafa Timberwolves og Lakers verið erkjendur og mest í úrslitum Vesturdeildarinnar. Sprewell, 35 ára er hugsaður sem lítill framherji hjá liðinu. Ef að skiptunum verður þarf Sprewell að skipta um treyjunúmer, því Kobe Bryant lætur ekki áttuna af hendi svo auðveldlega. -mh

KS og ÍA skipta á milli sín 2,5 milljónum króna

Uppeldisfélagin hans Grétars Rafns fá hluta af kaupverði hans eftir að hann var seldur á dögnum frá Young Boys til AZ Alkmaar.

FÓTBOLTI Uppeldisfélög knattspyrnumannsins Grétars Rafn Steinssonar munu skipta á milli sín fimm prósent hluta af þeim tæplega fimmtíu milljónum sem svissneska félagið Young Boys fékk fyrir hann þegar hann gekk til liöns við hollenska félagið AZ Alkmaar. Grétar er Sigfirðingur og lék með yngri flokkum KS fram að sextán ára aldri þegar hann samdi við ÍA. Samstöðubætur greiddast til félaga sem Grétar hefur spilað með frá því að hann var tólf ára gamall og þar til hann hefur náð tuttugu og þrjú ára aldri.

Ánægjuleg viðurkenning

Eiríkur Guðmundsson, sem situr í meistaraflokksráði hjá ÍA, segir alltaf ánægjulegt þegar leikmenn sem hafa spilað með yngri flokkum félaga ná langt. „Það er ánægjulegt þegar peningar skila sér til okkar með þessum hætti því það er eins konar viðurkenning á því starfi sem við erum að vinna. Það er nú ekki komið í ljós hversu miklir peningar þetta eru en það skiptir ekki öllu máli hversu há upphæðin er. Þessir peningar koma að góðum notum.“ Þórir Hákonarson, formaður KS, tók í sama streng og gladdist yfir því að KS fengi að njóta góðs af því að Grétar væri



GRÉTAR RAFN STEINSSON Grétar er hér í búningi AZ Alkmaar en félagin sem hann lék með hér á Íslandi njóta góðs af því að hann var seldur frá Young Boys til AZ Alkmaar.

á standa sig vel. „Það kemur mér ekkert á óvart að Grétar skuli vera að ná langt í fótboltanum. Hann hefur rétta hugarfarið og

auðvitað líka mikla hæfileika og það er ánægjuféni að KS skuli njóta góðs af góðu gengi Grétars.“

magnus@frettabladid.is

Framtíð Víktors Bjarka í lausu lofti eftir að Sigurður Jónsson hætti hjá Víkingi:

Ólíklegt að Viktor fari aftur til Víkings

FÓTBOLTI Viktor Bjarki Arnarson, sem lék með Fylki í Landsbankadeildinni í sumar, er enn samningsbundinn Víkingi en hann er á lánssamningi hjá Fylki. Að óbreyttu ætti hann því að verða leikmaður Víkings en Viktor er þó ekki viss um hver niðurstaða hans verður. „Ég á eftir að ræða þessi mál við forráðamann Víkings. En ég geri ráð fyrir því að þeir vilji ganga frá samningnum við nýjan þjálfara áður en niðurstaða fæst í leikmannamál.“

Sigurður Jónsson hætti fyrir skemmtu sem þjálfari Víkings og þykir líklegt að Magnús Gylfason, fyrrverandi þjálfari KR og ÍBV, muni taka við Víkingi. Grétar Sigfínnur Sigurðsson var líkt og Viktor Bjarki á lánssamningi í sumar og því leit

út fyrir að Víkingur myndi fá góðan liðsstyrk fyrir næstu leiktíð. En eftir að Sigurður ákvað að hætta sem þjálfari Víkings virðist sem áhugi þessara tveggja sterku leikmanna til þess að koma aftur til Víkings sé orðinn að engu. „Það voru óeitanlega mikil vonbrigði að Sigurður hafi hætt. Hann er frábær þjálfari og góður félagi þar að auki. Eins og staðan er núna þá reikna ég frekar með því að vera áfram hjá Fylki. En annars kemur það bara í ljós hvað stjórn Víkings ætlar að gera í leikmannamálum.“



VÍKTOR BJARKI ARNARSSON Viktor sést hér fagna marki sínu gegn KR í sumar en hann var einn af lykilmönnum Fylkis og má telja líklegt að hann verði áfram í Arbanum.

Það verður vel fylgst með íslensku landsliðsmönnum í Svíaleiknum:

Margir íslenskir leikmenn undir smásjánni

FÓTBOLTI Það verður vel fylgst með leikmönnum ungmenningalandsliöns Íslands í knattspyrnu þegar það mætir Svíum, en leikurinn fer fram hinn 11. október í Svíþjóð. Að sögn Ólafs Garðarssonar, umboðsmanns nokkurra leikmanna liönsins, má búast við því að forráðamenn flestra félaga í Svíþjóð muni fylgjast með leiknum.

„Ég veit til þess að það ætla margir að fylgjast með leikmönnum Íslands í þessum leik. Að sjálf-sögðu verða þarna menn frá sænskum félögum og svo verða einnig forráðamenn enskra liða á leiknum, þannig að það er um að gera fyrir leikmenn íslenska liönsins sem þarna verða að vera vel undirbúnir og standa sig vel.“

Ólafur segist vita til þess að áhugi á nokkrum leikmanna íslenska liönsins sé fyrir hendi. „Það verður vel fylgst með Tryggva Bjarnasyni, Garðari Gunnlaugsyni, Sigmundi Kristjánssyni og Davíði Viðarssyni. Svo veit ég að það munu einhver félag fylgjast



LÍDIB GEGN KRÓATÍU Hér sést byrjunarlið Íslands undir 21 árs í leiknum gegn Króatíu á dögnum en margir þessarra stráka fá tækifæri til að sjá sig gegn Svíum.

nokkuð vel með Pálma Rafni Pálmasyni. Annars eru möguleikar allra leikmanna liönsins jafnir og ef menn standa sig er aldrei að vita nema einhver félag vilji fá þá til sín.“

Tryggvi Bjarnason, leikmaður KR, er einn af þeim sem líklega verða í eiddinnu með íslenska landsliðinu gegn Svíum. Hann er meðvitaður um að vel verði fylgst með leikmönnum íslenska liönsins í

leiknum. „Ég stefni á að komast í atvinnumennsku og það yrði bara gott mál ef ég kæmist út fljótlega. Til þess að fá möguleika á því að komast út verð ég að standa mig vel í leiknum gegn Svíþjóð. Þó hugur stefni út er ég ekkert að stressa mig á þessu. Ég verð þá bara áfram í KR og það er ekkert nema gott um það að segja.“



BYRIAR VEL MEÐ BAYREUTH Logi Gunnarsson skoraði 25 stig í fyrsta leiknum.

Þýski kórfluboltinn að byrja:

Logi sjóðheitur í fyrsta leik

KÖRFUBOLTI Landsliðsbakvörðurinn Logi Gunnarsson byrjar vel með sínu nýja liði Bayreuth í þýsku 2. deildinni en hann átti mjög góðan leik í æfingaleik gegn TSV Troester Breitenguessbach en þetta var fyrsti leikur hans fyrir félagið.

Logi samdi við liðið á dögnum eftir að hafa spilað undanfarnar ár með Giessen 46ers í þýsku úrvalsdeildinni. TSV Troester Breitenguessbach er í suðurdeild 2. deildar þýsku Bundesligunnar líkt og BBC Bayreuth liðið.

Logi skoraði 25 stig og setti niður sjö af ellefu þrjúgja stiga skotum sínum í leiknum og Bayreuth vann leikinn, 90-79. Fyrsti leikur Bayreuth í deildinni er á laugardaginn kemur á móti Stuttgart á útveilli. -66j

1. deild kvenna í kórflubolta:

Helga spilar með stúdínunum

KÖRFUBOLTI Reykjavíkurreistarar ÍS í kvennakórflunni fengu mikinn liðstyrk í gær þegar landsliðskonan Helga Jónasdóttir ákvað að spila með liðinu í 1. deild kvenna í veturn en með hennar liðsinni er ÍS-liðið orðið allra hávaxnasta lið deildarinnar.

Helga, sem er 23 ára og 188 sm miðherji, var án félags eftir að Njarðvík lagði niður meistaraflokk kvenna hjá sér. Helga lék vel með Njarðvík á síðasta tímabili, kom þá sterk inn aftur eftir barneignarfári og var þá með 7,3 stig og 10,4 fráköst að meðaltali í leik og nýtt 57,8% skota sinna á tímabilinu. Helga á enn frakastamet Íslendingis í deildinni en hún tók 27 fráköst í leik gegn KR 27. október 2001. Hún hefur alls tekið 732 fráköst í 76 leikjum í efstu deild eða 9,6 að meðaltali.



SEX MÖRK Greta Mjöll Samúelsdóttir er búin að skora sex mörk í fyrstu tveimur leikjum 19 ára landsliöns kvenna.

Ísland burstaði Bosnía 5-0:

Greta Mjöll með fjögur

FÓTBOLTI Greta Mjöll Samúelsdóttir skoraði fjögur mörk fyrir íslenska U19 ára landslið kvenna sem sigraði gestgjafana Bosnía/Hersegóvínu 5-0 í undankeppi HM í gær. Greta Mjöll skoraði tvö mörk gegn Georgíu í síðasta leik og hefur því skorað sex mörk í tveimur leikjum. Katrín Ómarsdóttir skoraði eitt mark.

Með sigrinum tryggði Ísland sér sæti í milliriðli en Ísland og Rússland eru efst og jöfn með sex stig en Bosnía/Hersegóvína og Georgía eru á stiga. Rússland gerði sér lítið fyrir og burstaði Georgíu 21-0 í gær. Rússland og Ísland mættast á morgun í hreinum úrslitaleik um efsta sæti riðilsins. -þg

SONY®

Hugsaðu stórt!



KEP42M1SI
42" Sony Plasma sjónvarp
299.950 krónur
DVD upptökutæki fylgir frítt með.



KLV-32M1SI
32" Sony LCD sjónvarp
259.950 krónur
DVD upptökutæki fylgir frítt með.



KLV-30HR3S
30" Sony LCD sjónvarp
199.950 krónur
DVD upptökutæki fylgir frítt með.

Fáðu þér veggsjónvarp og DVD upptökutæki fylgir!



Fylgir með!
DVD upptökutæki
44.950 kr.

RDR-GX210

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center



Tónlistarskóli Árbæjar í Grafarholti! Hug á tónlistarnámi? Nú er tækifærið!

Nýr tónlistarskóli í Grafarholtinu. Kennsla fer fram í Ingunnarskóla. Kennst á öll helstu hljóðfæri fyrir byrjendur sem lengra komna. Nokkur pláss laus á gítar og píanó!
Umsóknir sendist á tölvupósti: tonarb@heimsnet.is
Reyndir og menntaðir kennarar



Tónlistarskóli Árbæjar, Ingunnarskóla
Skoðið vefsíðu okkar: www.tonarb.net
símar 587 1664 861 6497

STUÐ MILLI STRÍÐA : Saumað og spjallað

SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR HEFUR UPPGÓTVAÐ ÚTSAUM.



MYND: HELG SIGURSSON

Saumaklúbbar eru skemmtilegt fyrirbæri, gott yfirvarp til að hitta vinkonurnar, borða kökur og tala um lífið og tilveruna. Margir halda því fram að í saumaklúbbum fari lítið fyrir útsaumi og þrjónaskap en í mínum saumaklúbbi eru margar öflugar hannyrðakonur sem framleiða peysur á færbandi. Ég hef reyndar farið með hlutverk aulans sem ekkert kann í klúbbi þessum. Handavinnutíburðir mínir hafa ekki verið glæsilegir. Ég hálfþrjónaði trefil fyrir nokkrum árum sem enn er uppi í skáp. Svo byrjaði ég á mjög metnaðarfullu heklúðu þonsjó. Vel

gekk í upphafi við þá iðn en heldur tók að syrta í álinn þegar ráðgjafi minn og heklmeistari fór til útlanda og ég sat ein eftir með óskiljanlega uppskrift og mánuður í næsta saumaklúbb. Þonsjó var komið úr tísku þegar ég fann það inni í fataskáp. En mikil var gleði mín þegar ég í sömu leit fann gamla krosssaumsmynd sem ég hafði lagt til hljóar tólf ára gömul þegar áhuginn á krosssaumi sloknaði. Ég tók til við myndina og held svei mér þá að ég hafi fundið handið sem mér líkar vel við. Eini gallinn er að það getur stundum verið erfitt að gera eitthvað annað en að telja út og rýna í myndina. Ég hef nefnilega tekið eftir að vöndu handavinnukonur geta haldið uppi

samræðum um flóknu málin og leið og þær þrjóna kaðlaprjón eða eitthvað álíka dularfullt. Það er auðvitað mikilvægur hæfileiki þó við skiptumst á sögum og slúrum jafnvel. Ég hélt að í klúbbnum væru stundum sagðar krassandi sögur en þær blikna reyndar allar í samanburði við Baugsmálin marguræddu. Þvílík flækja, drama og baktjaldamak hjá mektarmönnum með vænum skammti af ást og afbrýði. Sápuoperur eru greinilega ekki eins fjarri raunveruleikanum og ég hélt. Og meðan fréttirnar hljóma eins og sápuopera er kannski í lagi að ég missi af uppáhaldssápunum mínum því ég er svo niðursokkinn í krosssaum.

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



Allt sem þú þarft og meira til

allt

Allt um atvinnu á sunnudögum í Fréttablaðinu.

■ SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Prautín er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn prautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

1	2	6	3	4	9	7	5	8
9	7	8	1	5	6	3	2	4
4	3	5	2	7	8	9	6	1
3	5	2	9	1	7	4	8	6
6	1	7	5	8	4	2	3	9
8	9	4	6	2	3	5	1	7
7	6	9	8	3	2	1	4	5
5	8	3	4	9	1	6	7	2
2	4	1	7	6	5	8	9	3

6	5			1	8		9	
				6	3	5		
8	1		5					2
5	4		6		8	9		
	3						7	
		2	9		4		5	8
4				5		6	1	
		7	4	8				
3	6	7			2			4

su | do | ku
© Puzzles by Pappoon

Leikjaveisla BT

Burnout Revenge

Burnout Revenge

Burnout Revenge er fjórði og nýjasti leikurinn í Burnout seríunni. Án nokkurs vafa besti bílaleikur allra tíma, en hér þurfa leikmenn að berjast fyrir lífi sínu á vegum úti. Hér gildir að beita bellibrögðum eða vera kaldur úti. Hraðinn í Burnout Revenge er óhugnanlegur og á sér enga hlöðstæðu. Áreksstrar, hraðakstur, óheidarleiki og stuð...allt lykilorð í Burnout Revenge.

Einkunn
9.1
Gamespot.com

Einkunn
10
Official PS2 Magazine

Einkunn
8.9
IGN.COM

4.989

PS2 XBOX

Ódýrastur á Íslandi

Úrvalið er í BT

Fifa 06

Fifa 06

Besti Fifa leikurinn til þessa. Meira en 10,000 leikmenn og hægt er að keppa í meira en 20 deildum. Allir vellirnir, allir leikmennirnir og öll stemmingin úr fótboltaheiminum. Nýtt stjórnkerfi þar sem leikmenn þurfa að vera nákvæmari í sendingum og skotum. Glænýr manager möguleiki er í leiknum þar sem hægt er að kaupa og selja leikmenn, ráða þjálfara, selja auglýsingar og setja upp leikkerfin. Fifa 06 er gríðarlega raunverulegur og tryggir enn og aftur sæti sitt sem vinsælasti fótboltaleikur allra tíma.

Einkunn
8.0
PSM Magazine

Einkunn
8.0
Game Informer

4.989

PS2 XBOX

4.499

PC-leikur

Ódýrastur á Íslandi

BT tryggir verðið

BT

Áttatíu sinnum Piaf



Kl. 23.00

Sveitasöngvamma **Kontriveitar Baggalúts** verður haldin í Stúdentakjallaranum í kvöld. Leikin verða sönglög af hljómdisknum Pabbi þarf að vinna, í bland við sigilda sveita-söngva bandaríska.

Brynhildur Guðjónsdóttir mun túlka Edith Piaf, eina frægustu söngkonu heims, í 80. skipti á föstudagskvöld. Nú fer hver að verða síðastur að sjá þessa frábæru sýningu.

Brynhildur „Piaf“ Guðjónsdóttir hefur heillað landann með ógleymanlegri túlkun sinni á Edith Piaf, einhverri eftirminnlegustu söngkonu síðustu aldar, en fyrir hana hlaut Brynhildur Grímuna – Íslensku leiklistarverðlaunin sem besta leikkona í aðalhlutverki. Sýning Þjóðleikhússins á Edith Piaf eftir Sigurð Pálsson hefur gengið fyrir fullu húsi á þriðja leikár og á föstudagskvöldi er 80. sýning.

Piaf var goðsögn í lifanda lífi. Lifshlaup hennar var einstakt; hún ólst upp meðal vændiskvenna og bófa í skuggahverfum Parísarborgar en með rödd sinni og einstakri túlkun komst hún upp á svið helstu



hljótleikahúsa heims. Við kynnumst konu sem aldrei afneitaði neinu og allra síst forþíð sinni og uppruna, hvað þá ástarsamböndum sínum.

> Ekki missa af ...

... tónleikum **Kristínar R. Sigurðardóttur** sópransöngkonu í Kópavogskirkju á morgun, þar sem hún syngur óperuaríur og íslensk sönglög.

... sýningunni **Hvernig borg má bjóða þér?** sem nú stendur yfir í Hafnarhúsinu. Henni lýkur um helgina.

... sýningunni **Íslensk myndlist 1945-1960**, sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands við Frikirkjuveg.

menning

menning@frettabladid.is



FRÁ RÚNUM TIL RÚMTEPPA

Sýning í anddyri Norræna hússins framlengd til sunnudagsins 2. október vegna mikillar aðsóknar. Opnunartími Norræna hússins er 9-17 alla virka daga og 12-17 um helgar.

STURLUGÖTU 5 • SÍMI: 551 7030 • WWW.NORDICE.IS

NORRÆNA HÚSIÐ

Tökin hert og Öskubuska

Íslenska óperan kynnti í gær starfsemi vetrarins. Hæst ber tvær óperusýningar en fjölmargt annað er á boðstólum.

Starfsfólk Íslensku óperunnar kynnti í gær vetrarstarf sitt og býður það að vanda upp á fjölbreytta dagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Hæst ber að venju tvær óperusýningar. Aðalverkefni óperunnar á haustmisseri er óperan *Tökin hert*, eða *The Turn of the Screw*, eftir breska tónskáldið Benjamin Britten, sem frumsýnd verður 21. október. Aðalverkefni vormisseris verður síðan hin sígilda ópera *Öskubuska*, eða *La Cenerentola*, eftir Rossini, sem verður frumsýnd í febrúar.

Texti óperunnar *Tökin hert* er eftir Myfanwy Piper og byggður á samnefndri smásögu Henry James sem kom út árið 1898. Óperan var frumsýnd í Feneýjum árið 1954 og hefur síðan þá verið sýnd reglulega í öllum helstu óperuhúsum í heimi, en þetta er í fyrsta skipti sem óperan *Tökin hert* er sett upp hér á landi. Leikstjóri er Halldór E. Laxness og hljómsveitarstjóri er Kurt Kopecky. Einsöngvarar eru: Hulda Björk Garðarsdóttir, Ólöf Kolbrún Harðardóttir, Gunnar Guðbjörnsson, Hanna Dóra Sturludóttir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Ísak Ríkharðsson.

Leikstjóri *Öskubusku* er hins vegar Paul Suter og hljómsveitarstjóri Kurt Kopecky. Einsöngvarar eru: Sesselja Kristjánsdóttir, Garðar Thór Cortes, Bergþór Pálsson, Davíð Ólafsson, Hlín Pétursdóttir, Anna Margrét Óskarsdóttir og Einar Guðmundsson.

Auk þessara stórverkefna verður ýmislegt annað á dagskrá óperunnar starfsárið 2005-2006, þar á meðal óperudeigla, hádegis- og kvöldleikar, óperufræðsla í samvinnu við Leikfélagskjalann, samstarf við Leikfélag Akureyr- ar, óperustúdíó ásamt málþingi um framtíð Íslensku óperunnar.

Með óperudeiglunni, sem verður í samstarfi við Listaháttfólk í Reykjavík og fleiri, er hug-



ÓPERAN ER Í STARTHOLUNUM Hulda Björk Garðarsdóttir söng í gær lag úr óperunni *Tökin hert* eftir Benjamin Britten, en hún verður á dagskrá Íslensku óperunnar í haust.

myndin sú að skapa vettvang fyrir tilraunastarf og nýsköpun á sviði óperulistar. Tilgangurinn með deiglunni er að laða áhugasama einstaklinga með ólíka sérþekkingu til samstarfs um ákveðið tilraunaferli sem með tíð og tíma kann að fæða af sér áhugaverð verk fyrir óperuhús

21. aldar. Fyrsta samkoma óperudeiglunnar verður haldin í lok október.

Sérstök áhersla verður lögð á að bjóða ungu fólki góð kjör á óperusýningar, en allir 25 ára og yngri fá 50% afslátt af miðum í sal á aðalverkefni Íslensku óperunnar á haustmisseri.

Tillögur sýndar fram yfir helgi

Í Þjóðmenningarhúsinu eru nú sýndar þrjár tillögur að byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar við Austurbhofna í Reykjavík ásamt skipulagi aðlögðandi svæða.

Í bókasal er vinningstillaga Portus Group, á þriðju hæð í stofu Hins íslenska bókmennatfélags og í tónlistarstofu er tillaga Fasteignar/Klasa og í kjallara er tillaga frá Viðhöfn. Skel tónlistar- og ráðstefnuhúss Portus Group er hönnuð af Ólafi Elíassyni og hefur líkani af henni verið komið fyrir á lóð Þjóðmenningarhússins.

Í tilefni af sýningunni er ókeypis aðgangur að öllum sýningum Þjóðmenningarhússins til 5. október sem er síðasti sýningardagur á tillögunum.



VINNINGSTILLAGAN Er til sýnis í Þjóðmenningarhúsinu ásamt tveimur öðrum tillögum.

Í kvöld
28. sept – 2. okt 2005
jazz HÁTIÐ
Reykjavík Jazz Festival



kl. 20:30 - „Guðmundarvaka - Jazzvakning 30 ára“

- Bandaríski pianóleikarinn John Weber og hollenski pianóleikarinn Hans Kwakkemaat leika lög Guðmundar Ingólfssonar ásamt Birni Thoroddsen á gítar, Gunnari Hrafnssyni á bassa og Guðmundi Steingrímssyni á trommum. Danski pianóleikarinn Arne Forchhammer leikur að telfni hljómdisks sem kemur út um þessar mundir.

Hótel Saga 3.000



kl. 22:30 - „M & M kvartettinn + 2 gestir“

Róbert Þórhallsson bassa, Kjartan Valdemarsson pianó, Ásgeir J. Ásgeirsson gítar, Ólafur Hólm trommur, Kjartan Guðnason slagverk og söngkonan Kristjana Stefánsdóttir.

Kaffi Reykjavík 1.800



kl. 00 - „Rodent á Jazzhátíð 2005“

Haukur Gröndal altó sax, Jakko Hakala trompet, Lars Thormod Jensen bassa og Helgi Svavar Helgason trommur.

Kaffi Reykjavík 1.500

kl. 23.30-01.30 - Jazzklúbbar

Póstbarinn - Tríó Andrésar - Andrés Þór gítar, Gulli Guðmundson bassa og Scott McLemore trommur

Kaffi Reykjavík - klúbbarmið glíkir á tónleika Rodent á miðnætti
1.000 á jazzklúbba kvöldsins

Námsmenn, ellifrisþegar og öryrkjar 20% afsláttur Forsala í verunum Skifunnar og á miðis.



www.ReykjavikJazz.com



GUÐMUNDUR INGÓLFSSON Einn af hápunktum djasshátíðarinnar verður Guðmundarvaka á Hótel Sögu í kvöld.

Allt fullt af djassi

Lög Guðmundar Ingólfssonar verða leikin á Guðmundarvöku, sem haldin verður á Hótel Sögu í kvöld í tilefni 30 ára afmælis Jazzvakningar. Tveir píanóleikarar, þeir Jon Weber frá Bandaríkjunum og Hans Kwakkernaat frá Hollandi, sjá um að koma lögum Guðmundar til skila ásamt þeim Birni Thoroddsen gítarleikara, Gunnari Hrafnssyni á bassa og trommaranum Guðmundi Steingrímssyni.

Einnig leikur danski píanóleikarinn Arne Forchhammer sem um þessar mundir er að senda frá sér nýjan geisladisk.

Guðmundarvaka er einn af hápunktum djasshátíðarinnar, sem nú stendur yfir í Reykjavík. Hátíðin hófst á miðvikudaginn og stendur fram á sunnudagskvöld.

Í kvöld verður einnig mikið um að vera á Kaffi Reykavík. Þar verða haldnir tvennir tónleikar.

Klukkan hálfelfu stigur þar á svið M & M kvartettinn ásamt þremur gestum. Róbert Dórhalls-son leikur á bassa, Kjartan Valdemarsson á píanó, Ásgeir J. Ásgeirsson á gítar, Ólafur Hólm á trommur og Kjartan Guðnason á slagverk, en þau Kristjana Stefánsdóttir og Gísli Magnason sjá um sönginn.

Þá stigur á svið hljómsveitin Rodent, sem er skipuð Hauki Gröndal saxófónleikara, Jakko Hakala trompetleikara, Lars Thormod Jensen á bassa og Helga Svavari Helgasyni á trommur. Hljómsveitin var stofnuð haustið 2001 þegar Helgi Svavar flutti til Kaupmannahafnar, en þar bjó Haukur fyrir.

stórmeistara dansleikur
hljómsveitin
á móti sól
eftir bolta kemur ball

ALLIR Á BALL OG VERÐUM Í STUÐI MEÐ HETJUNUM
laugardaginn 1. október
Miðaverð 1000 í forsölu
1500 við innganginn

BROADWAY
Sími 533-1100 - www.broadway.is

ÓDÝRI TÓNLISTAR - DVD OG MYNDBANDAMARKAÐURINN

KOMIÐ OG GERIÐ GÓÐ KAUP 23.sept - 9.okt

GIÐURLEGT ÚRVAL AF ÖLLUM TEGUNDUM TÓNLISTAR
ROCK-POP-CLASSIC-BLUES-R&B-NEWYORK-OLDHARTY-TÓNLIST-ÞYNGJANDEININGVÖÐN OG ÍRSK TÓNLIST

GERÐU FRÁBÆR KAUP Á DVD, TÖLVULEIKJUM OG MYNDBÖNDUM

DVD FRÁ 390 KR!

MIKIÐ ÚRVAL AF KARIÓKÍ!

MESTA ÚRVAL AF TÓNLISTAR-DVD Á LANDINU!

TÖLVULEIKIR FRÁ KR. 490

FRÁBÆRT VERÐ Á TÓNLISTAR DVD FRÁ 799 KR

VHS FRÁ 290 KR
DVD FRÁ 390 KR

Opið alla daga frá 10-18
Sími: 561-4114

VERIÐ VELKOMIN OG NIÓTIÐ FRÁBÆRS ÚTSÝNIS OG GÓÐRA VEITINGA Í VEITINGASAL PERLUNNAR

Leikfyrirbætur Á tónlist í samstarfi við DRÖN

Kabarett

í íslensku óperunni

Fös. 30. september
Lau. 1. október
Lau. 8. október

www.kabarett.is

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökinn hert, 2. - 6. sýning
Kl. 19.15 - Stutt kynning á verki og uppsetningu þess.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalinn í miðaverði.

www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400 ÍSLENSKA ÓPERAN

Þjóðleikhúsið - leikhúsið pitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
EDITH Piaf
Í kvöld fös. 30/9 órfá sæti laus, lau. 1/10 órfá sæti laus, fös. 7/10 órfá sæti laus, lau. 8/10 órfá sæti laus. Sýningum lýkur í október.

STÓRA SVIÐIÐ KL. 14.00
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 2/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 9/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 16/10 kl. 14:00, sun. 23/10 nokkur sæti laus.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Frumsýning fös. 14/10 uppselt, 2. sýn. lau. 15/10 órfá sæti laus, 3. sýn. fim. 20/10 órfá sæti laus, 4. sýn. fös. 21/10 órfá sæti laus, 5. sýn. lau. 22/10 órfá sæti laus, 6. sýn. fim. 27/10 órfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 órfá sæti laus.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
KODDAMAÐURINN
Í kvöld fös. 30/9 órfá sæti laus, sun. 2/10 nokkur sæti laus, fim. 6/10, fös. 7/10 nokkur sæti laus, lau. 8/10, sun. 16/10, mið. 19/10 uppselt, sun. 23/10, mið. 26/10 uppselt. Sýningum lýkur í október.

KORTSALA Á STENDUR YFIR TIL 30. SEPTEMBER • MIÐASALA Á NETIÐU ALLAN ÍSLANDSBÍÐNIN • WWW.LEIKHUSID.IS
AFGERISA Á OPNA KL. 12:30-18:00 MÍÐ. ÁBRA DAGA KL. 12:30-20:00 MIÐSÖLUNÁR 551 1000 SMÁPANTANIR FRA KL. 10:00 VEKA DAGA.

Ávaxtakarfan

Í AUSTURBÆ

Síðustu sýningar

Birgitta

Gæddu Guðrat

...Ef horft er á í réttu ljósi hve lífið er stutt og líttan svo hverful og smá. Ef horft er á í réttu ljósi. Hver dagur er gjöf, svo margt sem að hægt er að sjá...

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl. 13 til kl. 20 alla daga. Pantanir í síma 551 4700 www.midi.is

Athugið síðustu sýningar
Sunnudagur 9. okt. kl. 13:30
Sunnudagur 23. okt. kl. 13:30
www.avaxtakarfan.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfólag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ
KALLI Á PAKINU
e. Astrid Lindgren
Lau 1/10 kl. 14, Sun 2/10 kl. 14, Sun 9/10 kl. 14, Sun 16/10 kl. 14

WOYZECK - 5 FORSYNINGAR
Frumsýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt.
Miðaverð á forsyningar aðeins kr. 2.000.-
Í kvöld 30/9 kl. 20 **UPPSELT**, Lau 1/10 kl. 20 (sýning á ensku), Fi 27/10 kl. 20.

HÍBYLI VINDANNA
Órðaar aukasýningar í haust
Su 2/10 kl. 20, fö 7/10 kl. 20, Su 16/10 kl. 20

SALKÁ VALKA
fim 15/10 FRUMSÝNING **UPPSELT**

Sími miðasölu 568 8000 midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasala í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðvikur, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnada

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ
FORÐIST OKKUR
- NEMENDALEIKHÚSIÐ/COMMON NONSENSE
Hól. Hugleikur Dagsson
Í kvöld Frumsýning **UPPSELT**
Lau 1/10 kl. 20 **UPPSELT**
Su 2/10 kl. 20

MANNTAFL
Su 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20, Fö 14/10 kl. 20,

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 1/10 kl. 16 aukasýn, Lau 1/10 kl. 20 **UPPSELT**,
Fi 6/10 kl. 20 **UPPSELT**, Lau 8/10 kl. 16 **Aukasýn**
Lau 8/10 kl. 20 **UPPSELT**, Su 9/10 kl. 20 **UPPSELT**,
Sun 16/10 kl. 20 **AUKASÝNING**

BELGÍSKA KONGÓ
Sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar
Fö 31/9 kl. 20, Lau 1/10 kl. 20

LÍFSINS TRÉ
Fö 21/10 kl. 20 FRUMSÝNING **UPPSELT**
Lau 22/10 kl. 20, Fi 27/10 kl. 20

TVENNU TILBOÐ
Ef keyptur er miði á Híbyli vindanna og Lífsins tré færst sérstakur afsláttur

Viðburðarík ævi klæðskiptings

„Þetta er svo falleg saga og hún er byggð á raunverulegum atburðum,“ segir Hilmir Snær Guðnason um einleikinn *Ég er mín eigin kona*, sem hann frumsýnir í Iðnó í kvöld.

Leikritið fjallar um Charlotte von Mahlsdorf, klæðskipting sem fæddist í Berlín árið 1926 og hét upphaflega Lothar Berfelde, en ákvað snemma á lífsleiðinni að lifa sínu lífi sem kona.

„Hann fer í gegnum bæði nasismann og kommúnismann á háum hællum,“ segir Hilmir Snær. „Hann bjó í Austur-Berlín þangað til undir lokin að hann fluttist til Svíþjóðar. Sumir segja að hann hafi hrakist þangað, en hann vildi nú ekki víðurkenna það.“

Charlotte von Mahlsdorf lést árið 2002 þegar hann var í stuttri heimsókn til vina sinna í Berlín. Ævi hans var vægast sagt viðburðarík og alveg á mörkunum að hægt sé að koma því öllu að á einni kvöldstund.

„Við völdum þetta verk til sýningar fyrst og fremst vegna þess að okkur leist svo vel á þessa sögu. Höfundurinn sjálfur kynntist þessum manni í Berlín og verður svo uppnuminn af þessum persónuleika að hann ákvað að skrifa um hann leikrit.“

Höfundurinn er sjálfur ein af persónunum í leikritinu, þannig að Hilmir leikur jafnt höfundinn sem aðalpersónuna auk 33 annarra persóna sem koma við sögu á viðburðaríki ævi Charlotte von Mahlsdorf.

Doug Wright hefur fengið margar viðurkenningar, meðal annars Pulitzer- og Tony-verðlaunin fyrir leikritið *Ég er mín eigin kona*. Einnig skrifaði hann leikrit-



HILMIR SNÆR Charlotte von Mahlsdorf átti sér merka ævi, sem sagð er frá í einleikum *Ég er mín eigin kona*.

íð Quills, sem fjallar um markgreifann de Sade og hefur verið kvikmyndað með Geoffrey Rush og Kate Winslet í aðalhlutverkum.

Aðalpersóna einleiksins, Charlotte von Mahlsdorf, skrifaði fyrir um það bil áratug sjálfs-ævisögu sína, sem ber sama nafn og leikritið. Þýski kvikmynda-

heim gerði skömmu síðar kvikmynd eftir ævisögunni og naut til þess aðstoðar Charlottu.

Það var Guðni Kolbeinsson, faðir leikarans, sem fékk það hlutverk að þýða leikritið yfir á íslensku. Leikmynd gerði Grétar Reyðisson en Stefán Baldursson leikstjórnir.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

27 28 29 30 1 2
Föstudagur

TÓNLEIKAR

17.00 Lada Sport og Johnny Poo troða upp í Gallerí Húmar eða frægð að Laugavegi 59 þar sem Smekkleysa plötubúð er einnig til húsa.

20.30 Á Hótel Sögu verður efnt til **Guðmundarvöku** í tilefni af þrjátú

ára afmæli Jazzvagnar. Bandaríski pianóleikarinn Jon Weber og hollenski pianóleikarinn Hans Kwakke-emaat leika lög **Guðmundar Ingólfssonar** ásamt **Birni Thoroddsen** á gítar, **Gunnari Hrafnssyni** á bassa og **Guðmundi Steingrímssyni** á trommur. Danski pianóleikarinn **Arne Forchhammer** kemur einnig fram í tilefni hjómíðs sem kemur út um þessar mundir.

22.30 **M & M kvartettinn** leikur djass á Kaffi Reykjavík og fær til sín þrjú gesti. Fram koma **Róbert Þórhallsson** á bassa, **Kjartan Valdemarsson** á pianó, **Ásgeir J. Ásgeirsson** á gítar, **Ólafur Hólm** á trommur, **Kjartan Guðnason** á slagverk og

söngvararnir **Kristjana Stefánsdóttir** og **Gísli Magnason**.

23.00 Hjómíðsveitar **Nílfisk, Touch** og **The Foghorn** halda tónleika á Grand Rokki.

Kontrásveit **Baggalúts** blæs til sveitasöngvæmssu í Stúdentakjallaranum við Hringbraut. Leikin verða sönglög af hjómíðsknum Þabbi þarf að vinna, í bland við siglda sveitasöngva bandaríska.

Brain police spilar í Sjallanum á Akureyri ásamt sænsku hjómíðsveitinni **Subsonic Mind** og norsku hjómíðsveitinni **Zensor**.

Kvartettinn **Rodent** spilar á djasshátíð á Kaffi Reykjavík. Kvartettinn skipta þeir **Haukur Gröndal** á altó sax, **Jalko Hakala** á trompet, **Lars Thormod Jensen** á bassa og **Helgi Svavar Helgason** á trommur.

LEIKLIST

20.00 Einleikurinn *Ég er mín eigin kona* eftir **Doug Wright** verður frumsýndur í Iðnó í flutningi **Hilms Snærs Guðnasonar**.

SKEMMTANIR

23.00 Hjómíðsveit **Upplyfting** verður með dansleik á Kringlufránni.

Danshjómsveit **Frjóðjóns** skemmtir í Vélsmíðjunni á Akureyri.

Garðar **Garðars** spilar á Catalínu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

HIMNARÍKI

Geðkötfn gamanleikur eftir Anna Bösen

5. sýn fös. 31. kl. 20 Órfá sæti
6. sýn lau. 1. okt. kl. 20 Órfá sæti
7. sýn fös 7 okt **Nokkur** sæti
8. sýn lau 8 okt **UPPSELT**
9. sýn fös 14 okt
10. sýn lau 15 okt
11. sýn fös 21 okt
12. sýn lau 22 okt

HAFNARFJARÐAR
LEIKHÚSIÐ

Hafnarfjarðar 100 2322 og 6. hæð 1A

SJALLINN

skemmtiletaður

Biðin er á enda
Loksins á norðurlandi

TODMOBILE

Sjallanum Akureyri
laugardagskvöld
01.10. 2005

Miðaverð
aðeins kr. 2.000,-
Forsala miða í Gallerí og Pennanum Glerartorgi

Hvað er á döfinni í Sjallanum - sjallinn.is • Varðst þú fyrir skoti um helgina - sjallinn.is
Símsvari 462 2770 • Sími 462 2970 • sjallinn.is

Ungt og smekklaust

Nokkrir af efnilegustu tónlistarmönnum ungu kynslóðarinnar ætla að troða upp klukkan fimm í dag í kjallara Kjörgarðs á Laugavegi 59, nánar tiltekið í Gallerí Humar eða fræðg þar sem Smekkleysa plötubúð er einnig til húsa.

Barna kemur fram hljómsveitin Lada Sport sem vermdi annað sæti músíktílauna í fyrra og gaf út hina rómuðu skífu „Personal Humour“. Hljómsveitin hefur notið töluverðra vinsælda á vefsetrinu rokk.is og einnig hefur farið gott orð af tónleikum sveitarinnar.

Einnig kemur fram hinn þrettán ára gamli Johnny Poo, eða Jóhann Páll Jóhannsson, sem fyrir stuttu sendi frá sér lagið „Hvar er Guðmundur?“ Þessi ungi tónlistarmað-



JÓHANN PÁLL Kemur fram í plötubúð Smekkleysu í dag ásamt hljómsveitinni Lada Sport.

ur hefur vakið verðskuldaða athygli og undrun fyrir hæfileika sína og ætlar að taka nokkur lög í dag. ■

KRINGLUKRÁIN

Hljómsveitin
Upplýfting
í kvöld

- Sérreittamatseóill
- Tilboðsmatseóill fyrir leikhúsgesti
- Hópamatseóill

Burðarþantur í síma 568 0878 www.kringlukrain.is

ÉG ER MÍN EIGIN KONA

HILMIR SNÆR GUÐNASON
LEIKSTJÓRI: STEFÁN BALDURSSON

Framsýning	Í kvöld	30/9	kl. 20	UPPSELT
2. sýning	sun.	2/10	kl. 20	ÖRFÁ SÆTI LAUS
3. sýning	fim.	6/10	kl. 20	LAUS SÆTI
4. sýning	lau.	8/10	kl. 20	LAUS SÆTI
5. sýning	sun	9/10	kl. 20	LAUS SÆTI

Miðasala í lðno // 562 9700 // www.idno.is

Landsbankinn er bakhjálari sýningarinnar. Vörðufélagar fá afslátt af miðaverði.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

GERÐUBERG

Sjónþing
Yfirlitssýning á verkum Þórdísar Zoëga hönnuðar.
Sýningin stendur til 13. nóvember

Boginn
Sýning á klippimyndum, teikningum og fleiru eftir Einar Árnason.
Sýningin stendur til 6. nóvember

Undir Drekaevng
Strengjaleikhúsið sýnir barnaóperuna "Undir Drekaevng" á þriðjudögum.

www.gerduberg.is

**** af 5 mögulegum - DV
Frábær fjölskylduskemmtun! - Fréttablaðið

Sun. 2/10 kl. 14
Sun. 16/10 kl. 14
Laug. 22/10 kl. 15

Miðasala í s:551 4700 alla daga frá kl.13-17 í gamla AUSTURBÆJARBÍÓ

www.annie.is
www.midi.is

Annie

eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARNIN

ELVIS

TRIBUTE TÓNLEIKAR Á BROADWAY 30. SEPTEMBER NK. KL. 22:00
Hér er á ferðinni tónlistarveisla sem enginn má missa af.

Aðeins í þetta eina skipti!

Farsala atþingumbla í síma 533-1100 & Broadway og í Ferðamann Eymundsson, Akureyri - Miðaverð 2.900

ROKKVEISLA ALDARINNAR

Classic Rokk

'Armúla 5
ROKKSVEIT
RÚNARS JÚLIJUSSONAR

Baldur P. Guðmundsson, Rúnar Júlíusson, Tryggvi Hübner, Júlíur F. Guðmundsson

Leika Klassískt Rock 'N Roll af hressara taginu eftir alla helstu frumkvöðla Rokksins
Chuck Berry, Little Richard, Rolling Stones, Rúnar Júl, Beatles, Elvis...

Helgina
30 Sept - 1 Okt

Sérstakur gestur
Óttar Felix Hauksson

"The Pretty Things" - Tribute, einnig lög eftir Bob Dylan o.fl.

Aðgangseyrir
1000 kr

Gerðu eitthvað skemmtilegt og komdu á **Players**

Hljómsveitir um helgina:

Hljómsveitin Sálin	föstud. 30. sept.
Hljómsveitin Karma	laugard. 1. okt.

Budweiser
GORDON'S
PLAYERS

Bæjarlind 4 - Kópav.



Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINI

Architecture in Helsinki: In Case We Die, Kaiser Chiefs;
Employment, The Boy Least Likely To: The Best Party Ever,
 Ray Lamontagne; **Trouble, The Fiery Furnaces:** Gallowbird's
 Park, Jack Johnson; **In Between Dreams**
 Sujfan Stevens; **Come On Feel the Illinoise.**

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Kynna klassískt reggae

Reggaehljómssveitin Rætur heldur tvenna tónleika um helgina. Á laugardaginn spilar hún í Stúdentakjallaranum á og sunnudaginn á Öli-ver. Hljómssveitin er skipuð þeim Petter Winnberg, Guðmundi Kristni Jónssyni, Sigurði Guðmundssyni, Mikael Svensson, Guðmundi Pétursyni og Helga Svavari. „Þetta er reggaehljómssveit og markmiðið okkar er að spila gamalt reggae og kynna klassíkina fyrir Íslendingum,“ segir Petter Winnberg, söngvar hljómssveitarinnar.

„Það er svo oft þannig að fólk þekkir reggi lítið og kannski bara og eingöngu lagið No Woman No Cry. Okkur langar að kynna þessa stefnu betur fyrir Íslendingum og vonumst til að geta gert það af alvöru. Við ætlum að spila fullt af virkilega fallegum reggiögum eitur tónlistarmenn sem færir þekkingu en eru afar mikilvægir í reggisönnu. Á laugardaginn verður því alvöru reggikvöld á Stúdentakjallaranum,“ segir Petter.



RÆTUR Hljómssveitin ætlar að leika klassískt reggae fyrir Íslendinga um helgina og er afar hægilekið að kynna þessa tegund tónlistar.

> Plata vikunnar ...



THE ROLLING STONES: A Bigger Bang

„Eftir 41 árs útgáfuferil tekst The Rolling Stones að gera það sem enginn átti von á, að gera góða plötu. Keith Richards er guð sem öllum leikskólabörnum ætti að kenna að dýrka.“ **BÖS**

> Popptextinn ...

Who cares if you're Jewish,
 And your breath smells of garlic,
 And your nose is a shiny red light.
 To me you are gorgeous,
 And everything's right,
 When I turn off the living room light.

- The Kings syngja um ljótleikann í laginu
 When I turn off the living room light.

[TOPP 10]

X-ID 977 - VÍKA 30

- COLDPLAY**
Fix You
- GORILLAZ**
Dare
- FULLI KALLINN**
Before 2000
- NÚMER NÚLL**
Hér á allt að fá að flæða
- IAN BROWN**
All Ablaze
- MARK LANEGAN**
Hit The City
- 311**
Don't Tread On Me
- GOLDIE LOOKIN CHAIN**
Your Missus Is Nutter
- DEPECHE MODE**
Precious
- SYSTEM OF A DOWN**
Old School Hollywood



COLDPLAY
Breska hljómssveitin er á toppi X-listans með lagið Fix You.

Fyllerí með Britney Spears

Villingarnir í Bloodhound Gang hafa nýverið gefið út plötuna Hefty Fine. Það þarf ekki annað en horfa á umslagði til þess að átta sig á að hljómssveitin hefur húmor og tekur sjálfa sig passlega alvarlega.

Þeir verða seint sakaðir um að vera kódringir. Þekktasta lagið þeirra er um klámmyndaleikkonauna Chasey Lain og þegar þeir komu hingað til lands vöktu tónleikar þeirra mikla athygli. Barnungar stúlkur voru dregnar upp á svið og kysstu þar hljómssveitar-meðlimi. Sjálfur vill Jimmy Pop ekki meina að þeir séu verri en aðrir. „Við erum bara partíhljómssveit,“ segir hann, en hljómssveitin var stödd í Þýskalandi og er væntanleg hingað til lands í lok janúar.

Partí, brennivín og íslenskar stelpur eiga hug Jimmys sem hlakkar mikið til að koma hingað aftur. „Ég kom fyrst til Íslands þegar ég var fimmtán ára en gat ekki notið landsins til fullnustu,“ segir Jimmy en Bloodhound Gang hefur komið hingað nokkrum sinnum og hitaði meðal annars upp fyrir Blur. „Það var mikið fjör,“ segir Jimmy sem segist eiga góðar minningar héðan.

Hann segir rokkseununa í dag vera skemmtilega og nefnir meðal annars hljómssveitina Franz Ferdinand sem góðan fulltrúa hennar. Þá segist hann ekki nenna að semja pólitiska texta. „Það yrði þá bara Bush er hálfviti, endurtekið nokkrum sinnum,“ útskýrir hann. „Við erum í þessu til að skemmta okkur,“ bætir hann við.

Nýji diskurinn frá Bloodhound Gang er öllu rokkaðri en aðdændur sveitarinnar eiga að venjast. „Það er rétt, enda kemur Ville Valo við sögu á plötunni,“ segir Jimmy en Ville þessi er Finni og þekktastur fyrir að vera forspraki rokkssveitarinnar HIM. Hann segir þó að þeir haldi fast í hugsjónir hljómssveitarinnar, að búa til tónlist sem fólk geti skemmt sér yfir. „Hljómssveitin varð til þegar bassaleikari sveitarinnar þyrjaði að vinna fyrir sér með tónleikahaldi og bjórsölu í heimahúsi á meðan hann var í háskólanum,“ segir hann.



BLOODHOUND GANG Villingarnir í Bloodhound Gang hafa gefið út nýja plötu sem þykir ögn rokkaðri en áður. Þeim er fát hlé og láta sér ekkert fyrir brjósti brenna.

Það þarf ekki mikinn snilling til að sjá að Bloodhound Gang er fát hlé. Jimmy segir meðal annars að hann hafi einu sinni dottið í það með Britney Spears. „Hún er rosalega hörð í drykkjunni og drakk visky af stúti, algjörlega hvítt drasi,“ segir hann, en sjálfur þykir Jimmy ekki mikið til tónlistar hennar koma. „Það er óþolandi þegar ég hitti persónur

sem maður hefði haldið að væru algjör fiíl en reynast síðan ótrúlega skemmtilegar,“ viðurkennir hann og lumar augljóslega á fleiri sögum úr heimi rokkara. „Vinur okkar úr Jackass svaf hjá Jessicu Simpson,“ segir hann, en Jimmy er mikill andstæðingur raunveruleikabátta poppstjarnanna. „Ferill okkar er í það minnsta ekki í það mikilli lægð að við þurfum á slíku

að halda,“ segir hann og hlær. Í því augnabliki kemur umboðsmaður sveitarinnar, Ruth, í símann og segir viðtalinu lokið. „Ég var að fara segja fylgerissögur af þér,“ svarar Jimmy og hlær. Umboðsmaðurinn tekur vandræðalega undir hláturinn, en Ruth er auðheyrilega fegin að vafasamar sögur af henni fara ekki í blaðið.

freyrgigia@frettabladid.is

Waldorf uppeldisfræði á Íslandi!

Fegurð - Ró - Gleði



Nýr hópur frá janúar 2006.
 Upplýsingar:
 waldorf.isl@get2net.dk
 45-43425113



Pro Plan
 fæðulínan
 sérsníðin fyrir
 hundinn þinn



GARÐHEIMAR
 Söludóttir:
 Gardheimar í Mjódd • Stekkjarbakka 6
 109 Reykjavík • sími 5400 3300 • www.grodur.is

Brain Police í norrænt samstarf

Íslenska hljómssveitin Brain Police, Subsonic Mind frá Svíþjóð og Zensor frá Noregi munu næstu mánuði ferðast um Ísland, Svíþjóð og Noreg en ferðalagið er í samvinnu við Nordic Culture Fund.

Ferðalagið hófst í gær þar sem sveitirnar spiluðu í Tónlistarþróunarmiðstöðinni. Í dag átti svo að leggja upp í langferð með gestina og halda norður á Akureyri til að spila á Sjallanum. „Leyfa þeim að kynnst menningunni í höfuðstað Norðurlands,“ segir Vilhjálmur Sanne, umboðsmaður Brain

